

KLIFUR

SJÁLFSBJÖRG LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA

ÞURÍÐUR HARPA NÝR FORMAÐUR SJÁLFSBJARGAR

Eftir sex viðburðarák ár í forsvari fyrir ÖBÍ er
Þuríður Harpa snúin aftur til Sjálfsbjargar

Breyttar almannatryggingar

ÖBÍ fagnar kjarabótum öryrkja

Hjálpartæki til tómstunda

Sjálfsögd réttindi fatlaðs fólks

Sjálfsbjörg skorar á ráðherra

Þörf á nýrri hjálpartækjalöggjöf

Flottur árangur - París 2024

Ísland á Ólympíumóti fatlaðra



TÍMARIT
SJÁLFSBJARGAR 2024

WWW.SJALFSBJORG.IS
SJÁLFSBJÖRG LSH
HÁTÚNI 12
105 REYKJAVÍK





Aukið frelsi og sjálfstæði

Hjálpartæki veita frelsi, aukið sjálfstæði og bætt lífsgæði.
Fastus heilsa býður fjölbreytt úrval hjálpartækja sem henta þörfum flestra.
Öflugt teymi fagfólks leiðbeinir þér við að finna rétta tækið.
Bókaðu tíma í ráðgjöf í s. 5803900

F A S T U S
H E I L S A

VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | fastusheilsa.is



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
Mynd: Bjarney Lúðvíksdóttir

Klifur - Tímarit Sjálfsbjargar

Útgefandi: Sjálfsbjörg Ish
Hátúni 12, 105 Reykjavík
+354 550 0360
info@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

Framleiðsla og auglýsingar:
Finnsson & Co

Ritstjóri: Páll Tómas Finnsson
palltomas@finnsson.dk

Ábyrgðarmaður:
Þuríður Harpa Sigurðardóttir
harpa@sjalfsbjorg.is

Forsíðumynd:
Finnsson & Co
Prentun: Litróf
ISSN 1670-312X



LEIÐARI KLIFURS 2024

Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, fagnar 65 ára afmæli sínu í ár og hefur verið áhrifafl í hagsmunabaráttu hreyfihamlaðs fólks allt frá upphafi. Síðastliðin tvö ár hafa verið ákveðinn umbrotatími í sögu samtakanna, en í kjölfar breyttra áherslna í rekstri horfir Sjálfsbjörg nú stolt til framtíðar. Hér er helst að nefna breytingar sem endurspeglar nútíma hugmyndafræði um húsnæðismál og búsetuúrræði fyrir hreyfihamlað og fatlað fólk og stórauðna áherslu á endurhæfingarúrræði undir merkjum Kjarks endurhæfingar. Þar er unnið ómetanlegt starf sem stuðlar að því að fólk geti haldið aftur út í lífið eftir veikindi eða slys.

Meðal efnis í Klifri í ár eru viðtöl við nýjan formann og varaformann Sjálfsbjargar, þau Þuríði Hörpu Sigurðardóttur og Rúnar Þór Björnsson. Einnig er rætt við Ölmú Ýr Ingólfsdóttur, formann ÖBÍ, um kjarabaráttu öryrkja og breytingar á örorkulífeyriskerfinu sem samþykktar voru á Alþingi 22. júní síðastliðinn. Sama dag samþykkti Alþingi frumvarp um stofnun Mannréttindastofnunar Íslands, en stofnunin er forsenda þess að hægt sé að lögfesta endanlega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi. Sjálfsbjörg fagnar þessum mikilvæga áfanga, en eins og við höfum áður fjallað um á þessum vettvangi hefur lögfesting samningsins dregist úr öllu hófi. Þá fjöllum við um baráttuna um réttinn til styrkja til kaupa á hjálpartækjum til frístundaiðkunar, stöðuna á Römpum upp Ísland, sem nálgast 1.500 rampa markið óðfluga, og þátttöku Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í París.

Ég hef nú lokið störfum sem formaður Sjálfsbjargar og skilað keflinu til Þuríðar Hörpu, sem kosin var formaður á landsfundinum í apríl. Það er ánægjulegt að vita af Sjálfsbjörg í öruggum höndum, en eins og flestir þekja hefur Þuríður Harpa skilað frábæru verki sem formaður ÖBÍ réttindasamtaka. Ég þakka kærlega fyrir samstarfið undanfarin ár og óska nýrri stjórn og félagsmönnum öllum velfarnaðar í framtíðinni.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

fyrirverandi formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra

4 Stuttar fréttir

Áskorun til ráðherra, hlaupið til góðs, norrænt samstarf, breytingar fyrir norðan, Allir með og fleira.

6 Spennandi tímar framundan

Viðtal við Þuríði Hörpu um viðburðarík ár hennar hjá ÖBÍ og framtíðarverkefni Sjálfsbjargar.

12 Hjálpartæki til frístunda

Sigurður Hólmur Jóhannesson hefur barist fyrir styrkjum til kaupa á hjálpartækjum til tómstunda.

16 Áskorun til ráðherra

Landsfundur Sjálfsbjargar skorar á ráðherra að stuðla að nýrri og endurbættri hjálpartækjalöggjöf.

18 Bætt kjör öryrkja

Alma Ýr Ingólfsdóttir fagnar nýju og skilvirkara örorkulífeyriskerfi en kjarabaráttan heldur áfram.

22 Ólympíumót fatlaðra í París

Fulltrúar Íslands stóðu sig vel á Paralympics 2024 og komu heim með fjögur Íslandsmet í farteskinu.

24 Kaup á sérútbúnum bílum

Styrkir til bifreiðakaupa voru hækkaðir í byrjun árs. Hæstu styrkina fá þau sem kaupa rafbíla.

26 Horft til framtíðar

Rúnar Þór Björnsson ræðir mikilvægi þess að móta sterka framtíðarsýn fyrir Sjálfsbjörg.

28 Aðgengi að hleðslustöðvum

Samstarf Sjálfsbjargar við Orku náttúrunnar hefur bætt aðgengi að hleðslustöðvum um land allt.

30 Kjarkur endurhæfing

Kjarkur endurhæfing í Hátúni 12 hefur gegnt lykilhlutverki í endurhæfingu á Íslandi til áratuga.

34 Orkan bætir aðgengi

Fyrsta aðgengilega bensinstöð landsins hefur reynst vel. Orkan heldur áfram að bæta aðgengi.

36 Römpum upp Ísland

Römpum upp Ísland hefur lokað hringnum í kringum landið og nálgast nú 1.500 rampa markið.

40 Sérútbúnir bílaleigubílar

Í framhaldi af samstarfinu við Römpum upp Ísland býður Hertz nú upp á sérútbúna bílaleigubíla.

42 Upplýsingar um starfsemina

Upplýsingar um skrifstofu Sjálfsbjargar, Þekkingarmiðstöðina og starfsemi Kjarks endurhæfingar.

Fréttir



Frá afhendingu undirskriftanna í heilbrigðisráðuneytinu þann 16. september 2024.

Mynd: TAKK - Heiðrún Fivelstad

8.700 undirskriftir til ráðherra

Þann 16. september 2024 afhentu fulltrúar Sjálfsbjargar heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórssyni, 8.700 undirskriftir sem söfnuðust í tengslum við herferðina Nema fötluð. Herferðin vakti athygli á rétti fatlaðs fólks til þess að lifa sjálfstæðu lífi, þar með talið réttinum til styrkja til kaupa á hjálpartækjum sem tengjast áhugamálum, íþróttaiðkun og tómstundastarfi. Sá réttur er ekki fyrir hendi í núverandi hjálpartækjalöggjöf. Sjálfsbjörg telur þetta skýrt brot á mannréttindum fatlaðs fólks og skorar á ráðherra að gera úrbætur hið fyrsta. Ráðherra upplýsti við afhendinguna að nú þegar væri að störfum starfshópur varðandi endurbætur á löggjöfinni.

Sundlaugin í Hátúni er opin

Sundlaug Sjálfsbjargar í Hátúni 12 er komin aftur í notkun eftir gagngerar endurbætur, en lauginni var lokað vegna viðhalds sumarið 2023. Búið er að lagfæra flísarnar í lauginni og einnig er stefnt á að skipta um alla glugga í sundlaugarrýminu.

Sundlaug Sjálfsbjargar er opin almenningi á mánudögum og fimmtudögum frá 8:30-11:30. Hægt er að kaupa kort sem veitir aðgang að lauginni fram að áramótum á 15.000 krónur. Íbúar í Hátúni 12 og félagsfólk í Sjálfsbjörg lsh fá 15% afslátt.

Kort fyrir vorönnina verða sett í sölu í janúar 2025. Við hvetjum alla til þess að nýta sér þessa fallegu og notalegu innilaug.

Takk fyrir okkur!

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fór fram þann 24. ágúst síðastliðinn. Venju samkvæmt gátu þátttakendur í maraþoninu hlaupið til góðs með því að safna áheitem fyrir hin ýmsu góðgerðarfélög.

Tíu þátttakendur söfnuðu áheitum fyrir Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, þar á meðal fyrrverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, formaður Sjálfsbjargar, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, og rúllu- og hlaupahópurinn Rolling Stoned. Fjöldi áheita var 101 og samtals söfnuðust 483.810 krónur. Upphæðin verður nýtt til kaupa á nýjum lyftustól í sundlaug Sjálfsbjargar í Hátúni. Við þökkum fyrir stuðninginn!

Nordisk Handikappförbund

Nordisk Handikappförbund - NHF, samtök norrænna félaga hreyfihamlaðs fólks, komu saman til fundar í Reykjavík þann 14.-15. maí síðastliðinn. Fundir NHF eru haldnir einu sinni til tvisvar á ári og ræður formennska í samtökunum hvar þeir eru haldnir hverju sinni.

Fjölmörg málefni voru rædd á fundinum, meðal annars niðurskurður í málaflokki fatlaðra í Finnlandi og Svíþjóð, aðgengi fatlaðs fólks og hreyfihamlaðra að sprengjubyrkjum og almennan niðurskurð í velferðarmálum sökum aukinna hernaðarútgjalda. Þá var rætt um P-merki fyrir hreyfihamlaða, aðstoðarfólk þeirra og aðstandendur, aðgang fatlaðra að menningar- og íþróttaviðburðum og nýtt evrópskt kort fyrir fatlað fólk, European Disability Card. Markmiðið með kortinu er að tryggja að fatlað fólk njóti þeirra réttinda og þjónustu sem því er ætlað í löndum Evrópu.

Sjálfsbjörg hefur tekið þátt í norrænu samstarfi frá því 1963. Þau Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar, og Rúnar Þór Björnsson, varaformaður, stýrðu gangi mála á fundinum í ár. Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar, sat einnig fundinn fyrir hönd Íslands.

Herdís Ingvadóttir lætur af formennsku eftir 24 ár

Herdís Ingvadóttir lét af embætti sem formaður Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni í vor eftir 24 ára formennsku. Herdís hefur sinnt embættinu af sóma frá því árið 2000, en þá tók hún við keflinu af Snæbirni Þórðarsyni. Hún var einungis önnur konan til þess að gegna embætti formanns í Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni, en sú þriðja í röðinni er nýji formaðurinn, Linda Egilsdóttir. Á sama tíma lét Ívar Herbertsson af embætti en hann hefur verið varaformaður félagsins síðastliðin 23 ár.

Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra, sendir þeim Herdís og Ívari innilegar þakkir fyrir óeigingjarnt framlag þeirra til hagsmunabaráttu hreyfihamlaðs fólks í gegnum árin.

Allir með á góðu skriði

Átakið Allir með, sem miðar að því að fjölga tækifærum fyrir fötluað börn innan íþróttahreyfingarinnar, er komið á gott skrið um land allt. Viðtökurnar hafa verið mjög jákvæðar og nú þegar hefur tekist að fjölga tækifærum fatlaðra barna til íþróttaiðkunar. Eins og fram kom í viðtali okkar við Valdimar Gunnarsson verkefnisstjóra Allir með í fyrra eru um þrjú þúsund börn með fötlun á Íslandi. Einungis 4% þeirra stunda íþróttir.

Allir með er samvinnuverkefni ÍSÍ, UMFÍ, Íþróttasambands fatlaðra og þriggja ráðuneyta; mennta- og barnamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Hvatasjóður Allir með styrkir verkefni sem fela í sér inngildingu fatlaðra í íþróttastarfi hjá íþróttafélögunum. Lögð er áhersla á ný verkefni sem fela í sér inngildingu fatlaðra, samstarf milli fleiri íþróttafélaga eða stofnana, og verkefni sem skila reynslu og þekkingu sem getur nýst í sambærilegum verkefnum. Styrkirnir fara eftir stærð og umfangi verkefnanna og nema allt að einni milljón króna. Hægt er að sækja um styrkina á heimasíðu átaksins: www.allirmed.com

Takk fyrir stuðninginn!

A. Margeirsson ehf

Akureyrarbær

Apótek Vesturlands

Arkís arkitektar

Arkitektastofan OG

ASK arkitektar

Atorka ehf - verktakar og vélaleiga

Ágluggar JG

Bella Donna - verslun

Bifreiðaverkstæðið Klettur

Bílamálun Sigursveins

Bílar og vélar

Bortækni

Bókasafn Vestmannaeyja

Bókráð - bókhald og ráðgjöf

Bruggsmiðjan Kaldi

Brúskur hárstofa

BSI bifreiðaverkstæði

BSRB

Dacoda

Dalvíkurbyggð

Dverghamrar

Eldhestar

Elektrus

Endurhæfingarstöðin

Endurskoðun Vestfjarða

Exton

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

Félag sjúkrapjálfa

Félag skipstjórnarmanna

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Fjörukráin - Hótel Víking

Framrás

Framsóknarfélag Árnessýslu

Gaflarar rafverktakar

Geir ehf

Gjögur

Gleipnir verktakar

Gróðrarstöðin Sólskógar

Gróðurstöðin í Moshlíð



Puríður Harpa komin heim: „Spennandi tímar framundan hjá Sjálfsbjörg“

Puríður Harpa Sigurðardóttir lét nýlega af embætti sem formaður ÖBÍ réttindasamtaka eftir sex ára vaska framgöngu sem helsti talsmaður fatlaðs fólks og öryrkja á Íslandi. Nú er hún snúin aftur á uppeldisstöðvarnar, Sjálfsbjörg, en þar hófst hennar réttindabarátta. Puríður Harpa er nýr formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra.

Árangur í kjarabaráttu öryrkja

„Það stendur ansi margt upp úr frá þessum tíma hjá ÖBÍ,“ segir Puríður Harpa. „Við lögðum mikla vinnu í að endurmarka samtökin, skilgreina stefnuna og draga aðildarfélögin nær okkur. Út á við höfum við skapað réttindasamtökunum sterka stöðu, það er horft til vandaðra umsagna ÖBÍ og við höfum átt í góðu samtali við ráðherra málaflokksins sem og aðra ráðamenn. Það sem ég setti á oddinn var baráttan fyrir bættum kjörum og að dregið yrði úr skerðingum. Um það var auðvelt að sameinast, enda finna það flestir á eigin skinni þegar framfærslan dugar ekki fyrir lífснаuðsynjum.“

Meðal þeirra áfanga sem náðust til leiðréttingar á kjörum öryrkja var leiðrétting á búsetuskerðingum fólks sem hafði verið búsett erlendis og eingreiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem greiddar hafa verið í desember undanfarin ár. Greiðslurnar eru skattfrjálsar og telja ekki til skerðinga á örorkulífeyri. Þá nefnir Puríður

einnig aðkomu ÖBÍ að tveimur mikilvægum verkefnum í hagsmunabaráttu öryrkja, vinnuna við Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks og gagngerar breytingar á örorkulífeyrskerfinu sem samþykktar voru á Alþingi í júní.

„ÖBÍ hefur barist lengi fyrir bættum kjörum öryrkja og breytingum á almannatryggingakerfinu og það er ánægjulegt að sjá þá vinnu skila árangri,“ segir Puríður Harpa. Hún segir breytingarnar tímabærar og að þeim sé ætlað að skila sér í bættum lífsgæðum fatlaðs fólks og öryrkja.

„ÖBÍ gerði ítarlega umsögn um frumvarpið þar sem við gerðum athugasemdir við þrettán atriði sem við töldum nauðsynlegt að laga. Alþingi kom að vissu marki til móts við þær athugasemdir og ég held að við getum verið nokkuð ánægð með niðurstöðuna. Það skiptir hins vegar miklu máli að framkvæmd laganna heppnist vel þar sem þau hafa afgerandi áhrif á tekjur og lífsgæði þúsunda einstaklinga.“

„Það verður mikil gæfa fyrir land og þjóð að fá sjálfstæða mannréttindastofnun sem tekur til breiddarinnar í samfélaginu, hvort sem um er að ræða fatlað fólk, eldri borgara, innflytjendur eða bara hinn almenna borgara,“ segir Þuríður Harpa.

Greiðari leið inn á vinnumarkaðinn

Breytingarnar miða að því að einfalda örorkulífeyriskerfið, auka hvata til atvinnuþátttöku og tryggja betri samþættingu þjónustu og lífeyrisgreiðslna. Þá hefur ÖBÍ lýst ánægju sinni með innleiðingu sjúkra- og endurhæfingargreiðslna og aukinn stuðning við fólk sem þarfnast endurhæfingar vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubreysts.

„Þetta er mikilvæg breyting,“ segir Þuríður. „Það er löggð áhersla á það í lögunum að þeir sem þurfi á endurhæfingu að halda eftir veikindi eða slys fái hana strax. Eins og staðan er í dag þarf fjöldi fólks að bíða í marga mánuði eftir því að komast í viðeigandi úrræði og er tekjulaust á meðan. Þarna á að grípa fólk sem er í viðkvæmri stöðu og tryggja því tekjur á biðtímanum. Við hjá Sjálfsbjörg fögnum þessari breytingu og teljum Kjark endurhæfingu hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að því að bjóða fólki öflugt endurhæfingarúrræði sem styður það aftur út í lífið.“

Þuríður Harpa lýsir áhyggjum sínum af því hvort vinnumarkaðurinn sé í stakk búinn til þess að styðja þá auknu atvinnuþátttöku sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Nýleg rannsókn frá Danmörku sýnir að líkur hjólastólanotenda á því að vera boðið í atvinnuviðtal eru mun minni en ófatlaðs fólks með sambærilega reynslu og menntun. Af 600 umsóknum var ófötluðum umsækjendum boðið í atvinnuviðtal í 17% tilvika, en þeim umsækjendum sem tóku fram að þeir notuðu hjólastól einungis í 7,7% tilvika.

„Það er alveg ljóst að fötlun stendur í atvinnurekendum. Það þarf að breyta viðhorfinu gagnvart fötlðu fólki og vinna markvisst

að því að það fái vinnu við sitt hæfi. Þá er ljóst að örorkulífeyrir dugar ekki til framfærslu og því þarf að berjast áfram fyrir bættum kjörum.“

Ný sjálfstæð mannréttindastofnun

Fyrir þremur árum ræddum við við Þuríði Hörpu um þá staðreynd að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks væri ekki enn lögfestur á Íslandi. Í svörum stjórnvalda kom fram að síðasta hindrunin í vegi fyrir lögfestingunni væri stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar sem ætti að hafa eftirlit með innleiðingu samningsins. Sá mikilvægi áfangi náðist í júní að Alþingi samþykkti frumvarp forsætisráðherra um Mannréttindastofnun Íslands. Því ætti leiðin til lögfestingar nú að vera greið.

„Markmiðið með landsáætluninni fyrir fatlað fólk er að byggja undir samning Sameinuðu þjóðanna og lögfestingu hans,“ útskýrir Þuríður Harpa. „Innleiðing þeirra verkefna sem landsáætlunin felur í sér verður til mikilla bóta fyrir fatlað fólk í landinu og við höfðum því töluverðar áhyggjur af því hversu langan tíma það tók að afgreiða frumvarpið um Mannréttindastofnun Íslands. Í raun vorum við ósammála því að mannréttindastofnunin væri forsenda þess að hægt væri að lögfesta samninginn. Að okkar mati hefði vel verið hægt að lögfesta hann fyrst og koma stofnunni á fót þar á eftir.“

Frumvarp um stofnunina var unnið í forsætisráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur en sat svo fast í stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd í nokkurn tíma. Það var samþykkt á Alþingi þann 22. júní síðastliðinn, sama dag og breytingarnar á örorkulífeyriskerfinu. Stofnunin tekur til starfa 1. janúar 2025.

„Það verður mikil gæfa fyrir land og þjóð að fá sjálfstæða mannréttindastofnun sem tekur til breiddarinnar í samfélaginu, hvort sem um er að ræða fatlað fólk, eldri borgara, innflytjendur eða bara hinn almenna borgara," segir Þuríður Harpa.

Aðgengisátak um land allt

Þá átti ÖBÍ í góðu samstarfi við ríki og sveitarfélög um að treysta sess fatlaðs fólks í stjórnkerfi sveitarfélaganna. Samtökin beittu sér fyrir því að öll sveitarfélög landsins, 63 talsins, réðu til sín aðgengisfulltrúa. Hlutverk þeirra er að tryggja að allar athugasemdir varðandi aðgengismál fari í vel skilgreindan farveg innan sveitarfélagsins.

„Aðgengi snýr ekki bara að hreyfihömlun heldur einnig að blindu, heyrnarleysi, þroskahömlun og hvers kyns öðrum fötlunum," segir Þuríður Harpa. „Aðgengi að samfélaginu er svo mikilvægt, að það sé raunverulega fyrir okkur öll. Það skilja helst þau sem verða fyrir aðgengisleysinu, en sem betur fer eru sífellt fleiri að verða meðvituð um mikilvægi góðs aðgengis fyrir þjóðfélagið allt."

ÖBÍ lagði einnig að sveitarfélögunum að vera með virkt notendaráð fatlaðs fólks til þess að tryggja raunverulegt samráð um málefni þess. „Við höfum lagt áherslu á að fulltrúar í notendaráðum sveitarfélaganna fái fræðslu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og reglur um aðgengi og byggingarreglugerðir, svo dæmi séu nefnd. Það er gríðarlegur mannaúður fólgin í því fólki sem þekkir vandamálin af eigin raun og getur komið með tillögur að raunhæfum lausnum."

Takk fyrir stuðninginn!

Grýtubakkahreppur
H&S rafverktakar
Hafnarfjarðarhöfn
Hagi - Hilti
Hallbertsson
Hamraborg ehf
Heildverslunin Glit
Heydalur ferðaþjónusta
HH trésmiðja
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hofssókn
Hótel Leifur Eiríksson
Hótel Örk
Hrafnista DAS
Hvalfjarðarsveit
Hvalur
Hveragerðiskirkja
IKEA
Innigarðar
Íþróttafélag fatlaðra, Reykjavík
Kanon arkitektar
Kjöreign ehf - Fasteignasala
Kjörís
Klausturkaffi
Krókur
KP verktakar
Kvenfélag Reykdæla
Kökugerð HP
Landsnet
Langaholt, Snæfellsnesi
Langanesbyggð
Láshúsið
Mika Restaurant Reykholti
Mýrdælingur
Nesraf
Nonni litli
Orkubú Vestfjarða
ÓJ&K - ÍSAM
Pípulagningaþjónusta Bjarna Jónassonar
Pixel

„Verkefnin eru stór og baráttumálin brýn sem aldrei fyrr. Við leggjum áherslu á unga fólkið sem er framtíðin í okkar baráttu.“

Þá nefnir Þuríður Harpa gott samstarf við Listaháskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands, en það eru skólarnir sem sjá um menntun arkitekta, landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga. Fyrir tilstuðlan ÖBÍ er fræðsla varðandi algilda hönnun og aðgengismál nú orðin hluti af kennsluefni þeirra.

Ræturnar eru í Sjálfsbjörg

Þuríður Harpa segir árin sex í forystu ÖBÍ hafa verið mikinn skóla og þroskaferli. Vel hafi gengið að efla samvinnu við aðildarfélögin fjörutíu, sem telji samtals yfir 40.000 félaga. Mikilvægt starf fari fram í hagsmunasamtökum og aðildarfélögum ÖBÍ, sem og innan skrifstofu samtakanna.

„Við búum gríðarlega vel að eiga öflug regnhlífarsamtök hér á landi sem hafa á að skipa jafn styrkri stjórn og færu starfsfólki og ÖBÍ réttindasamtök. Ég er stolt og ánægð með það sem hefur áunnist og þakklát fyrir það traust sem mér var sýnt í sex ár.“

Segja má að Þuríður Harpa sé nú komin aftur heim, en hún hóf þátttöku sína í réttindabaráttu hreyfihamlaðs fólks hjá Sjálfsbjörg. Hún segir mikinn árangur hafa náðst undanfarin ár, meðal annars hafi áherslum Kjarks endurhæfingar varðandi búsetu verið breytt. Starfsemin snúist nú alfarið um endurhæfingu sem miði að því að endurhæfa fólk til sjálfsbjargar, en það var markmiðið strax frá stofnun samtakanna fyrir 65 árum síðan.

„Kjarkur vinnur framúrskarandi starf á sviði endurhæfingar, enda með áratuga reynslu,” segir Þuríður Harpa. „Þá hefur Sjálfsbjörg barist ötullega fyrir því að löggjöfin um hjálpartæki verði uppfærð þannig að hreyfihömluðu fólki verði gert auðveldara að stunda íþróttir, tómstundir og útiveru til jafns við ófatlað fólk. Það er mikilvægt réttindamál, og svo eru aðgengismálin enn eitt okkar helsta baráttumál. Einnig hefur Sjálfsbjörg beitt sér fyrir hærri bílastyrkjum, rafbílastyrkjum og uppsetningu aðgengilegra hleðslustöðva, svo dæmi séu nefnd.“

Hafin er stefnumótunarvinna sem miðar að því að finna samtökunum farveg og skerpa á helstu baráttumálum. Þuríður Harpa segist hlakka til að koma að endurmörkun Sjálfsbjargar ásamt stjórn og félagsmönnum.

„Sjálfsbjörg er 65 ára í ár og hefur staðið baráttuvaktina í mörgum málum,” segir Þuríður. „Verkefnin eru stór og baráttumálin brýn sem aldrei fyrr. Við leggjum áherslu á unga fólkið sem er framtíðin í okkar baráttu. Við ætlum að byrja á því að kjarna okkur og komum svo tvíefld til leiks með þá stefnu að vopni sem félagarnir ákveða. Það eru spennandi tímar framundan hjá Sjálfsbjörg.“



Verkur, eymsli, þroti?

Diclofenac Teva 23,2 mg/g hlaup
díklófenaktvíetýlamín

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

Diclofenac Teva inniheldur virka efnið díklófenak, sem tilheyrir flokki bólgueyðandi gígtarlyfja (NSAID-lyf). Diclofenac Teva er notað við verkjum, eymslum og þrota í liðum og vöðvum vegna bólgu. Lyfið er ætlað fullorðnum og unglíngum 14 ára og eldri til skammtímameðferðar. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.**

Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is Markaðsleyfishafi Teva B.V.

Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

teva

Óheimilt að neita fólki um hjálpartæki til frístundaiðkunar

Síðastliðið sumar náðist mikilvægur áfangi í fimm ára baráttu Sigurðar Hólmars Jóhannessonar og fjölskyldu hans þegar umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að Sjúkratryggingum hefði verið óheimilt að synja dóttur hans, Sunnu Valdísi, um hjálpartæki til frístundaiðkunar. Um er að ræða hjól fyrir fatlað fólk sem Sigurður lýsir sem helstu lífsgæðum Sunnu Valdísar og fjölskyldunnar.

Hjólátúrar kvölds og morgna

Það er fallett að hlusta á Sigurð lýsa hjólátúrum fjölskyldunnar. Þau búa í Garðabænum og hjóla mikið í kringum heimili sitt á Arnarnesi, um Kársnes í Kópavogi, í Kópavogsdalnum og á Álftanesinu. Þau feðgin hjóla saman alla daga, bæði á morgnana og eftir vinnu hjá Sigurði.

„Morguntúrin okkar er svona klukkutími og þegar ég kem heim úr vinnunni erum við alla vega tvo tíma á hjólinu á degi hverjum,” segir Sigurður. „Um helgar eru hjólátúrnir lengri, oftast um fimm til sex klukkustundir en við höfum mest farið upp í níu klukkustundir. Við notum hjólið miklu meira en bæði bílinn og hjólastólinn.”

Sunna fæddist 2006 og greindist ári síðar með taugasjúkdóminn AHC, eða Alternating Hemiplegia of Childhood. Á þeim tíma var lítið vitað um sjúkdóminn, en meðal einkenna eru alvarleg lömunar- og krampaköst af mismunandi toga, þroskaskerðing, einhverfa, athyglisbrestur og skert hreyfigeta. Þegar einkennin hafa verið sem verst hefur Sunna

Valdís fengið slík köst allt að 300 daga á ári. Séu köstin löng geta þau valdið afturhvarfi í þroska, sem í sumum tilvikum er varanlegt.

Mikilvægt fyrir vellíðan og þroska

Fjölskyldan fór áður mikið út að ganga með Sunnu Valdísi í hjólastólnum sínum. Það var henni farið að leiðast og því fór Sigurður að skoða hvað væri annað í boði fyrir fatlað fólk. Í framhaldi af því keypti hann fyrsta hjólið notað á eBay í Þýskalandi árið 2013, flaug til Amsterdam, sótti hjólið með lest þaðan og flutti það til Íslands. Hjólið var þá tuttugu ára gamalt og er enn í eigu fjölskyldunnar.

„Það átti greinilega vel við hana að hjóla, hún vildi helst bara vera á hjólinu,” segir Sigurður og bætir við að hjólræðarnar hafi skilað margvíslegum ávinningi. „Hún hafði ekki verið dugleg að borða en á hjólinu borðaði hún betur og leið vel. Hún upplifir margt og þroskast þegar við erum á ferðinni. Við tölum um það sem fyrir augu ber, hún lærir ný orð og sér nýja staði, fólk og dýr. Það gjörbreytti bæði hennar veröld og okkar að geta farið út að hjóla sem fjölskylda.”



Sunna Valdís og Sigurður á ferðinni á fallegum degi.

Myndir: Sigurður Hólmur Jóhannesson

Reglugerðin stangaðist á við lögin

Árið 2019 sótti fjölskyldan um hjól fyrir Sunnu Valdísi í gegnum Sjúkratryggingar. Sigurður hafði þá nærlesið bæði lög og reglugerðir um hjálpartæki og sá ekkert því til fyrirstöðu í lögunum að fatlað fólk gæti sótt um hjálpartæki til frístunda og íþróttaiðkunar.

„Ég sá að reglugerðin stangaðist á við lögin þannig að ég ákvað að sækja um og sjá hvaða viðbrögð ég fengi,“ segir Sigurður um upphaf baráttunnar. „Við fengum neitun. Ástæðan sem gefin var upp var sú að Sunna Valdís hjólaði ekki sjálf. Eðlilega, gæti maður kannski sagt, af því að hún er fötlud.“

Hann vissi fjölmörg dæmi þess að fötludum börnum hefði verið neitað um styrk til kaupa á hjálpartækjum þar sem þau þurftu einhvers konar stuðning, til dæmis frá rafmagnsmótor, aðstandendum eða aðstoðar-fólki.

„Allt fannst mér þetta stangast á við lögin. Árið 2021 sóttum við því um hjól þar sem við gátum setið hlið við hlið og hjólað bæði,

því þá væri ekki hægt að halda því fram að Sunna hjólaði ekki sjálf. Aftur fengum við neitun, í þetta skiptið sökum þess að hjólið væri til afþreyingar og frístunda en ekki nauðsynlegt hjálpartæki til að komast frá A til B.“

Réttmæt niðurstaða umboðsmanns Alþingis

Sigurður ákvað að taka slaginn og fá úrskurð um lögmæti ákvörðunarinnar og var undir það búinn að taka málið alla leið til Evrópu-dómstólsins. Ástæðan var ekki bara mál Sunnu Valdísar heldur einnig þeirra fjölmörgu foreldra fatlaðra og langveikra barna sem höfðu fengið sambærilegar neitanir. Markmiðið var að fá fordæmisgefandi niðurstöðu.

„Við kærðum úrskurðinn fyrst til úrskurðarnefndar velferðarmála. Nefndin komst að sömu niðurstöðu og Sjúkratryggingar, sem er að mínu mati furðulegt þar sem hlutverk hennar er að úrskurða út frá lögum en ekki reglugerðum. Við kærðum málið því til umboðsmanns Alþingis, sem komst að sömu niðurstöðu og við – að Sjúkratryggingum væri ekki stætt á því að

„Öll hjálpartæki bera 24% virðisaukaskatt sem er náttúrulega bara galið.“

neita umsókninni samkvæmt reglugerðinni og að henni þyrfti að breyta. Umboðsmaður gekk í raun enn lengra og sagði fatlað fólk eiga rétt á því að fá hjálpartæki til frístunda og íþróttaiðkunar, sem var auðvitað réttmæt niðurstaða," segir Sigurður.

Umsókn Sunnu Valdísar var því tekin aftur upp í úrskurðarnefnd velferðarmála og samþykkt hjá Sjúkratryggingum í kjölfarið. Reglugerðinni var jafnframt breytt, en einhverra hluta vegna voru settar inn nýjar hömlur af ýmsu tagi.

„Eins og til dæmis það að börn yfir tólf ára aldri fái ekki hjól með aðstoðarmannastýringu. Það þýðir að börn með þroskaskerðingu eða lögblindu, sem átta sig ekki nægilega vel á aðstæðum, fá ekki þríhjól," útskýrir Sigurður. „Nú eru þau líka hætt að samþykkja hjól fyrir börn undir fimmtán ára sem þurfa rafmagnsaðstoð. Það er eins og þetta sé bara dregið upp úr einhverjum hatti. Það er hvorki minnst á þetta í lögunum né reglugerðinni. Þarna er verið að neita fólki um sjálfsögð réttindi án þess að það liggi nein rök að baki.“

Af hverju virðisaukaskattur?

Sigurður setur stórt spurningamerki við það að innheimtur sé fullur virðisaukaskattur af hjálpartækjum á Íslandi. Hjólið hennar Sunnu Valdísar kostar nálægt tveimur milljónum og þar af eru tæp fjögur hundruð þúsund virðisaukaskattur sem skilar sér til ríkisins.

„Öll hjálpartæki bera 24% virðisaukaskatt sem er náttúrulega algjörlega galið," segir hann og bætir við að í öðrum Evrópulöndum séu dæmi þess að hjálpartækin séu undanþegin virðisaukaskatti eða að skatturinn sé undir 10%. „Sjúkratryggingar kaupa um 90%



Hjólreiðarnar eru helsta forsendan fyrir lífsgæðum Sunnu Valdísar og fjölskyldu.

af öllum hjálpartækjum á landinu. Til hvers er þá verið að setja á þau virðisaukaskatt sem fer beint aftur í ríkiskassann? Svo er fullt af fólki sem þarf hjálpartæki en fær þau ekki í gegnum Sjúkratryggingar. Þetta fólk þarf að greiða skattinn, og það er engin endurgreiðsla í boði. Það væri svo auðvelt að leiðrétta þetta ef það væri einhver áhugi fyrir því.“

Hjólið er hennar eitt og allt

Það þarf ekki að ræða lengi við Sigurð til að skilja hversu mikla þýðingu þetta ákveðna hjálpartæki, hjólið, hefur haft fyrir Sunnu Valdísi og fjölskyldu hennar.

„Þetta er það sem dóttir okkar lifir fyrir, að fara út að hjóla. Hennar líf er mjög takmarkað vegna sjúkdómsins, það er svo margt sem hún getur ekki gert. Það er of mikið áreiti fyrir hana að taka þátt í frístundastarfi með öðrum krökkum, þannig að hún er mjög einangruð. Það að hjóla er í rauninni það eina sem hún hefur sem veitir henni ánægju. Þetta er helsta forsendan fyrir hennar lífsgæðum og okkar í fjölskyldunni.“

Hægt er að horfa á heimildarmynd um Sunnu Valdísi og AHC-sjúkdóminn á www.humantimebombs.com.




Mobility.is



Vandaðir innirampar fyrir
 þröskulda, tröppur og
 aðrar hindranir.

Ramparnir koma í
 stöðluðum einingum,
 100 cm á breidd og
 4-60 mm á hæð.

Iggi

Iggis ehf.
 Álfabakka 12
 110 Reykjavík

www.iggis.is
iggis@iggis.is
 Sími: 857 1360

Áskorun til ráðherra um endurbætur á hjálpartækjalöggjöfinni

Á landsfundi og framhaldslandsfundi Sjálfsbjargar voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar um kjaramál og hins vegar um mikilvægi þess að færa hjálpartækjalöggjöfina til nútímans.

Í ályktun landsfundarins kemur fram að ný og endurbætt hjálpartækjalöggjöf sé algjör grunnforsenda fyrir inngildingu og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Því er skorað á heilbrigðisráðherra að leggja fram endurskoðað og uppfært lagafrumvarp um hjálpartæki á vorþingi 2025. Gerð er sú krafa að vinna við uppfærslu á hjálpartækjalöggjöfinni hefjist nú þegar og að virkt samráð verði haft við notendur hjálpartækjanna. Ályktunin er sett fram í ljósi þess að samfélagið, sem og fatlað fólk sjálft, gerir sífellt meiri kröfur um virka samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.

„Við hvetjum stjórnvöld til þess að vinna saman að breytingum á hjálpartækjalöggjöfinni, þvert á ráðuneyti og í samráði við sveitarfélögin,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra. „Þannig má tryggja að endurskoðuð hjálpartækjalöggjöf nái markmiðum sínum um að gagnast notendum hjálpartækja, börnum sem fullorðnum, í námi, íþróttum, tómstundum, frítíma, atvinnulífi og einkalífi.“

„Til þess að inngilding og samfélagsþátttaka geti raunverulega orðið verður að uppfæra hjálpartækjalöggjöfina til nútímans.“

Lögfesting samnings Sp

Eins og í allri hagsmunabaráttu hreyfihamlaðs og fatlaðs fólks lýsir samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mjög vel þeim markmiðum sem liggja að baki baráttunni. Ísland undirritaði samninginn árið 2007 og fullgilti hann níu árum síðar, árið 2016. Þrátt fyrir það hefur hann enn ekki verið endanlega lögfestur hér á landi. Í ályktun landsfundarins er vakin athygli á því að mörg ákvæði samningsins taki til hjálpartækja, enda sé tilgangur þeirra að jafna stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu. Samningurinn staðfestir rétt fólks til sjálfsbjargar í 26. grein, en sá réttur felur jafnframt í sér rétt til hjálpartækja til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins.

Í 26. greininni segir eftirfarandi: „Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og markvissar ráðstafanir [...] til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem



mestu sjálfstæði, fullri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu, ásamt starfsgetu, og taka fullan þátt á öllum sviðum samfélagsins.“

Önnur ákvæði samningsins sem taka til hjálpartækja eru meðal annars greinar um jafnrétti og bann við mismunun, menntun, heilbrigði, hæfingu og endurhæfingu, atvinnu, og ekki síst réttinn til þátttöku í menningarlífi, tómstundum, frístunda- og íþróttastarfi.

Þá skuldbinda aðildarríki samningsins sig til þess að stuðla að rannsóknum og þróun á nýrri tækni og sjá til þess að hún sé tiltæk og nýtt, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni, ferliðstoð, búnaður og hjálpartæki sem henta fötluðu fólki. Lögð er áhersla á að fatlað fólk hafi aðgengi að slíkri tækni á viðráðanlegum kjörum.

Samningurinn kveður einnig á um að aðildarríkin skuli tryggja upplýsingagjöf um ferliðstoð, búnað og hjálpartækni auk annarrar aðstoðar, stuðningsþjónustu og búnaðar sem í boði er.



Kópavogsbær



Mosfellsbær



GARÐABÆR



ÖLFUS



Múlaþing



Hafnarfjörður



Skagafjörður



FJARÐABYGGÐ



BORGARÞRIF
896 5978



ÖBÍ fagnar nýju og skilvirkara örorkulífeyriskerfi

Rétt fyrir þinglok í júní samþykkti Alþingi viðamiklar breytingar á örorkulífeyriskerfinu. Markmiðið er að bæta þjónustu gagnvart öryrkjum, efla stuðning við fólk í endurhæfingu, auka hvata til atvinnuþátttöku og stuðla að bættum kjörum með einfaldara greiðslukerfi. Formaður ÖBÍ réttindasamtaka, Alma Ýr Ingólfsdóttir, fagnar breytingunum en segir baráttuna fyrir bættum kjörum halda áfram.

Áralöng barátta skilar árangri

„Við höfum lengi kallað eftir því hjá ÖBÍ og öðrum hagsmunasamtökum að kerfinu verði breytt,“ segir Alma Ýr. Ein stærsta breytingin sem lögin fela í sér er að greiðsluflokkum verður fækkað og innleidd verður ein tekjuserðingaregla fyrir heildargreiðslur til einstaklinga. „Þessi einföldun er öllum til bóta og eykur skilvirknina í kerfinu.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi. Samkvæmt ráðuneytinu munu greiðslur til 95% örorkulífeyristaka hækka þegar breytingarnar taka gildi þann 1. september 2025.

„Við hjá ÖBÍ réttindasamtökum fögnum þeim mikilvægu áföngum sem lögin fela í sér en vekjum jafnframt athygli á því að frumvarpið sneri ekki sérstaklega að kjarabótum. Við munum því halda áfram að berjast fyrir þeim, enda rík þörf á,“ segir Alma Ýr.

Nýtt samþætt sérfræðimat

ÖBÍ réttindasamtök lögðu fram fjölda athugasemda við frumvarpið áður en það var afgreitt á Alþingi, meðal annars varðandi fyrirkomulagið á svokölluðu samþættu sérfræðimati sem kemur í stað núverandi örorkumats. Örorkumatið lítur eingöngu til læknisfræðilegra þátta, en samþætta sérfræðimatið mun einnig taka tillit til andlegrar og félagslegrar færni einstaklingsins við mat á starfsgetu viðkomandi.

„Það er lögð áhersla á það í lögnum að sem flestir þeir sem koma nýjir inn í kerfið fari annað hvort í endurhæfingu eða hlutaörorku,“ útskýrir Alma Ýr. Hún segir athugasemdir ÖBÍ snúa að því að þrátt fyrir göfug markmið sé þetta samþætta sérfræðimat í rauninni ekki til. „Við höfum óskað eftir nánari upplýsingum um það hvað í sérfræðimatinu felst og hvernig það verður útfært. Við erum því ánægð með að ráðherra var falið að gefa Alþingi skýrslu um undirbúning samþætta sérfræðimatsins í síðasta lagi þann 1. maí á næsta ári.“

Meðal annarra athugasemda ÖBÍ sem komið var á móts við má nefna að fólk sem er með gilt örorkumat við gildistöku laganna getur haldið matinu og þarf því ekki að undirgangast samþætta sérfræðimatið nema að eigin ósk. Heimilisuppbót til þeirra sem eru ein í heimili var hækkuð og þá var sett inn ákvæði um frest til endurskoðunar laganna. ÖBÍ lagði ríka áherslu á slíkt ákvæði þar sem um sé að ræða umfangsmiklar breytingar sem varði lífsviðurværi fjölda fólks. Því sé full ástæða til að fylgjast vel með breytingunum og bregðast við óæskilegum áhrifum af lagasetningunni.

Áhersla á starfsgetu og atvinnuþátttöku

Samkvæmt nýjum lögum verða þrír greiðsluflokkar sameinaðir í einn, örorkulífeyri, sem ætlaður er fólki með 25% getu til virkni á vinnumarkaði eða minna. Fullur örorkulífeyrir verður 380.000 krónur á mánuði og þar að auki nemur almennt frítekjumark 100.000 krónum á mánuði. Lögin kveða þar að auki á um sambærilegar greiðslur til þeirra sem gangast undir meðferð eða endurhæfingu með það að markmiði að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir veikindi, slys eða önnur áföll. Skerðingarprósentan fyrir tekjur umfram frítekjumörkin sem skilgreind eru í lögnum er 45%.



Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka.

Mynd: ÖBÍ réttindasamtök - Ljósmyndir Rutar og Silju

Lögin kynna til sögunnar nýjung í almanna-tryggingakerfinu, hlutaörorkulífeyri. Hann er ætlaður þeim sem metin eru með 26-50% starfsgetu og eiga þess því kost að drýgja ráðstöfunartekjur sínar með hlutastarfi. Fullur hlutaörorkulífeyrir verður 270.000 krónur á mánuði, og til viðbótar við 100.000 króna almenna frítekjumarkið er sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna 250.000 krónur á mánuði. Mánaðarlegar tekjur fólks í þessum hópi geta því orðið allt að 350.000 krónum án þess að lífeyrisgreiðslur skerðist.

Alma segir þá ríku áherslu sem lögð er á starfsgetu og atvinnuþátttöku í lögunum vekja upp spurningar um það hver á að taka á móti öllu þessu fólki. Örorkulífeyristakar séu í dag um nítján þúsund og að margir þeirra hafi átt erfitt með að komast inn á vinnumarkaðinn.

„Hvernig á atvinnulífið allt í einu að vera tilbúið til að taka á móti um fimm þúsund einstaklingum í hlutastarf? Það hefur ekki gengið hingað til og aukning hlutastarfa er þar að auki á skjön við áherslur verk-lyðshreyfingarinnar þar sem hlutastörf eru

oftast nær óhagstæður kostur bæði fyrir atvinnurekendur og launþega. Við höfum því óskað eftir skýrari hugmyndum um þær vinnumarkaðsaðgerðir sem eiga að gera þetta mögulegt.“

ÖBÍ vill jákvæða hvata til atvinnuþátttöku

Til þess að auðvelda fólki sem fær hlutaörorkulífeyri að komast inn á vinnumarkaðinn verður greiddur virknistyrkur í allt að 24 mánuði til atvinnuleitenda í þessum hópi. Upphæð virknistyrksins nemur mismuninum á örorkulífeyri og hlutaörorkulífeyri. Eitt af því sem ÖBÍ gerði athugasemdir við var að virknistyrkurinn átti að falla niður um tíma ef atvinnuleitandi neitaði starfi eða hafnaði atvinnuviðtali eftir að hafa verið í atvinnuleit í minnst tvo mánuði. Þetta tók ÖBÍ sem dæmi um neikvæða hvata til atvinnuþátttöku í frumvarpinu. Í lögunum var þess í stað miðað við sex mánaða atvinnuleit.

„Við kölluðum eftir því að þessi réttur yrði rýmkaður þar sem það hefur margoft sýnt sig að öryrkjar og fatlað fólk á erfitt með að finna sér störf við sitt hæfi,“ segir Alma Ýr og segir tvo mánuði afar takmarkaðan tíma



Frá réttindagöngu ÖBÍ þann 1. maí 2024.

Mynd: ÖBÍ réttindasamtök - Ruth Ásgeirsdóttir

„Ef við grípum ekki inn í og hækkum framfærsluna viðhöldum við fátækt hjá stórum hópi í samfélaginu, ekki bara í dag heldur einnig meðal komandi kynslóða.“

til þess að ná því marki. „Markmiðið með frumvarpinu er að hvetja til atvinnuþátttöku. Það felur hins vegar ekki í sér neina jákvæða hvatningu að sækja endalaust um, fá ekkert nema neitanir um þau störf sem henta þín- um aðstæðum og eiga þar að auki á hættu að missa einn fjórða af framfærslunni þinni.“

Baráttan fyrir bættum kjörum heldur áfram
Alma Ýr segir ótvírætt að tekjur öryrkja séu of lágar á Íslandi. Hækka þurfi lífeyrinn í heild sinni og tryggja að hann fylgi almennri launabróun.

„Í lok árs 2023 gáfum við út skýrslu í samstarfi við Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðar- ins, sem sýndi að fólk á örorkulífeyri nær ekki að framfleyta sér og lifa eðlilegu lífi.“

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að fjórir af hverjum tíu örorkulífeyristökum hafi þurft að neita sér um nauðsynlegan fatnað og næringarríkan mat, og sama hlutfall hefur ekki efni á að kosta tómstundir, félagslíf og gjafir til barna sinna.

„Þarna er um að ræða alls konar fólk, einstaklinga, fjölskyldufólk og einstæða foreldra. Ef við grípum ekki inn í og hækkum framfærsluna viðhöldum við fátækt hjá stórum hópi í samfélaginu, ekki bara í dag heldur einnig meðal komandi kynslóða,“ segir Alma Ýr Ingólfsdóttir.

VIÐ STYÐJUM ÞIG



Rafknúin handhjól á hjólastóla

Einföld í notkun og passa á nánast allar tegundir hjólastóla. Henta vel til daglegra nota hvort sem er í styttri eða lengri ferðir innanbæjar eða utanbæjar.

Komdu í heimsókn í sýningarrýmið okkar og fáðu að prufa!



Batec Hybrid



Batec Electric

Fjögur Íslandsmet á Paralympics 2024 í París

Ísland átti fimm glæsilega fulltrúa á Ólympíumóti fatlaðra í París, Paralympics 2024. Sundfólkið Sonja Sigurðardóttir, Thelma Björg Björnsdóttir, Róbert Ísak Jónsson og Már Gunnarsson kepptu fyrir Íslands hönd á mótinu ásamt frjálsíþróttakonunni Ingeborg Eide Garðarsdóttur, sem keppti í kúluvarpi. Fjögur Íslandsmet féllu í París.

Sterkasta Ólympíumótið til þessa

Um 4.400 keppendur tóku þátt á mótinu í París sem hófst í lok ágúst og lauk með glæsilegri lokahátíð á Stade de France sunnudaginn 8. september. Þetta var í sextánda sinn sem Ólympíumót fatlaðra fór fram en það fyrsta í röðinni var haldið í Róm árið 1960. Ísland hefur tekið þátt tólf sinnum. Má Gunnarssyni og Ingeborg Eide Garðarsdóttur hlotnaðist sá heiður að vera fánaberar Íslands á opnunarhátíðinni í París, en Ingeborg hljóp í skarðið fyrir Sonju Sigurðardóttur sem forfallaðist vegna veikinda.

Það var Róbert Ísak Jónsson sem skellti sér fyrstur í laugina en hann náði einnig frábærum árangri á síðasta Ólympíumóti fatlaðra í Tokýó 2021. Þar komst hann í úrslit í 100 metra flugsundi og 200 metra fjórsundi og hafnaði í 6. sæti í báðum greinum. Róbert endurtók leikinn á Paralympics í París, tryggði sér sæti í úrslitum í 100 metra flugsundi í flokki S14 á áttunda besta tímanum í undanriðli og setti jafnframt nýtt Íslandsmet í 50 metra flugsundi með millitímanum 26,45 sekúndur. Róbert Ísak bætti svo um betur í úrslitunum þar sem hann lenti í sjötta sæti á glæsilegu Íslandsmeti, 57,92 sekúndum.

Þriðja Íslandsmetið féll þremur dögum síðar þegar Már Gunnarsson keppti til úrslita í 100 metra baksundi og bætti fyrra met sitt á tímanum 1:20,21. Már keppti í S11 flokki blindra sundmanna og er meðal annars fyrrum heimsmethafi í 200 metra baksundi. Nýja Íslandsmetið er bæting um 15 hundraðs-hluta úr sekúndu frá fyrra meti Má, en það setti hann á Ólympíumóti fatlaðra í Tokýó. Þessi frækni árangur vekur ekki síst athygli í ljósi þess að Már dró sig til hlés í sundinu eftir

að hann lauk keppni í Japan. Hann hefur hins vegar sýnt það og sannað undanfarnar vikur og mánuði að hann hefur engu gleymt.

Þriðja Ólympíumót Sonju og Thelmu

Tveir fulltrúar Íslands tóku þátt í Ólympíumóti fatlaðra í þriðja skiptið, þær Sonja Sigurðardóttir, sem tók þátt í Beijing 2008 og í Rio de Janeiro 2016, og Thelma Björg Björnsdóttir, sem keppti í Rio 2016 og í Tokýó 2021. Báðar keppa þær fyrir hönd Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.

Þrátt fyrir veikindi í byrjun móts varð Sonja meðal átta efstu í 50 metra baksundi í flokki S3 og tryggði sig þannig í úrslit. Sonja synti á 1:10,65 í undanriðlinum, sem er nokkuð frá hennar besta árangri, en sýndi svo á sér allt aðra hlið í úrslitunum. Þar snerti hún bakkann að loknu úrslitasundinu á nýju Íslandsmeti, 1:07,46, en fyrra met hennar var 1:07,82. Sonja lauk keppni í 100 metra sundi með frjálsri aðferð að loknum undanriðlum og var fjórum sætum frá því að komast í úrslit í greininni. Hún keppti fyrst í flokki S3 í fyrra og setti þá hvorki meira né minna en átján Íslandsmet, og var fyrir vikið útnefnd íþróttakona Íþróttasambands fatlaðra 2023.

„Þetta er mikil reynsla,“ segir Sonja um þátttökuna á Ólympíumótunum þremur og lýsir ánægju sinni með að hafa náð þeim markmiðum sem hún setti sér fyrir mótið. „Ég ætlaði mér að komast í úrslit og reyna að toppa sjálfa mig. Það tókst, og nú er stefnan tekin á að komast undir eina mínútu og sjö sekúndur í 50 metra sundinu.“

Þá komst Thelma Björg Björnsdóttir í úrslit í sinni keppnisgrein á mótinu, 100 metra



Róbert Ísak, Ingeborg Eide, Már, Sonja og Thelma Björg.

Mynd: Íþróttasamband fatlaðra

bringusundi. Hún náði sjötta besta tímanum í undanrásunum, 1:58,93, og varð svo í sjöunda sæti í úrslitasundinu á tímanum 1:58,62.

Ingeborg stolt af þátttökunni á Paralympics

Frjálsíþróttakonan Ingeborg Eide Garðarsdóttir hefur alfarið helgað sig íþróttunum frá því í janúar og setti Íslandsmet í kúluvarpi í flokki F37 á meistaramóti Íslands í frjálsum í febrúar. Þar kastaði hún 9,73 metra og bætti eigin árangur um heila 33 sentimetra og fyrra Íslandsmet Bergrúnar Óskar Aðalsteinsdóttur um 16 sentimetra. Ingeborg bætti svo um betur á alþjóðlegu móti á Ítalíu í mars, en þar var næstsíðasta kastið hennar 9,83 metrar. Þrátt fyrir glæsilegan árangur á árinu átti Ingeborg erfitt uppdráttar í París, en lengsta kastið hennar á mótinu var 9,38 metrar.

„Það munaði mjög miklu um að ég hætti að vinna um áramótin til að geta sinnt íþróttunum af fullum krafti. Þannig gat ég stundað fjölbreyttari æfingar á undirbúningstímabilinu og sinnt mikilvægum þáttum eins og hvíld og næringu mun betur en ella,“ segir Ingeborg. „Ég lagði allt mitt í þetta og því voru það ákveðin vonbrigði að ná ekki betri árangri í París. Ég er hins vegar stolt af því að hafa tekið þátt á mínum fyrstu Paralympics. Markmiðið var fyrst og fremst að taka inn

þessa stórkostlegu upplifun og njóta þess að vera með, en ég gerði mér líka væntingar um betri árangur.“

Stærsta verkefni Íþróttasambands fatlaðra

Að sögn Jóns Björns Ólafssonar, íþrótta- og fjölmiðlafulltrúa Íþróttasambands fatlaðra, er val keppenda og undirbúningurinn fyrir þátttöku Íslands á Paralympics stærsta verkefni sambandsins. Hann segir val á þátttakendum nokkuð frábrugðið Ólympíuleikunum, keppnisflokkar séu mun fleiri og ekki sé alltaf nóg að ná settum lágmarkum í hverri grein. Valið fari einnig eftir kvóta sem Íslandi og öðrum þátttökupjóðum sé úthlutað.

„Síðastliðin tuttugu ár hefur Ólympíumót fatlaðra stækkað sína markaðshlutdeild verulega og vegur þar þýngst aukið samstarf og samþætting við Ólympíuleikana,“ segir Jón Björn. „Fólk er þar að auki orðið mun meðvitaðra um mikilvægi íþróttaiðkunar og almannaheilsu. Sú þróun hefur haft í för með sér mikla fjölgun fatlaðra íþróttamanna á heimsvísu og því er sífellt meiri áskorun að tryggja sér þátttöku. Ráin hefur hækkað gríðarlega á milli leika og það veitir okkur staðfestingu á því að fulltrúar okkar eru í fremstu röð í heiminum.“

Hærri styrkir til kaupa á sérútbúnum bílum – og rafbílum

Sjálfstjórnir hefur lagt áherslu á að greiða fyrir rafvæðingu bílafloata hreyfihamlaðs fólks, meðal annars með samstarfssamningum um bætt aðgengi að hleðslustöðvum um land allt. Samtökin fagna því að styrkir til bílakaupa hreyfihamlaðs fólks voru hækkaðir í byrjun árs. Hæstu styrkina fá þau sem kaupa hreina rafbíla.

Tímabær hækkan

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem íhugar að kaupa bíl að bílverð hefur farið hækkan. Til að mæta hækkaninni voru hámarksstyrkir til kaupa á sérútbúnum bílum fyrir hreyfihamlaða hækkaðir úr sex milljónum í 7,4 milljónir í byrjun árs. Þá var bætt við sérstöku hámarki fyrir hreina rafbíla, sem er 8,14 milljónir. Til viðbótar eru vörugjöld af bílunum felld niður og þá eru í boði styrkir frá Orkustofnun til rafbílakaupa.

Styrkina má veita á fimm ára fresti til mikið fatlaðra einstaklinga sem eru sjúkratryggðir hér á landi. Fjárhæðin getur numið allt 60% af kaupverði bifreiðarinnar, nánar tiltekið af grunnverði án aukabúnaðar, en ef um er að ræða hreinan rafbíl hækkar hámarkið í 66%.

„Við kaup á sérútbúnum rafbílum er hægt að sækja um 900.000 króna styrk frá Orkusjóði,“ segir Símon Orri Sævarsson, sölustjóri hjá Öskju. „Styrkurinn er alla jafna takmarkaður við ökutæki sem kosta að hámarki tíu milljónir en það á ekki við um bíla sem breytt er fyrir fatlað fólk.“

Símon Orri segir vinsælustu bíla Öskju til hjólastólabreytinga vera Mercedes-Benz V-Class, sem er díselbíll, og EQV, sem er rafmagnsbíll í sömu stærð. Ástæðan fyrir vinsældunum er rúmgott pláss aftur í og stór hliðarhurð sem tryggir gott hjólastólaaðgengi. Bílarnir henta vel bæði fötluðum öikumönnum og þeim sem eru farþegar hjá öðrum. Tryggingastofnun greiðir út styrki til kaupanna á meðan Sjúkratryggingar kosta breytingarnar.

Símon útskýrir að EQV bíllinn kosti um 16,5 milljónir. Niðurfelling vörugjalda nemi rúmlega 600.000 krónum og síðan dragist styrkurinn til kaupa á bílunum og rafbílstyrkurinn frá Orkustofnun frá. Endanlegt verð bílsins verði þannig um 6,8 milljónir, sem er 40% af upphaflegu kaupverði. Þá sé hægt að fá tveggja milljóna króna styrk til kaupa á sérútbúnum EQT, sem er nokkuð minni rafbíl, og verður endanlegt verð þá um 4,3 milljónir í stað 7,2 milljóna.

„Endursöluverðið á þessum bílum helst vel, og því gera þessir hærri styrkir fólki kleift að endurnýja bílinn á fimm ára fresti, oftast nær án aukins tilkostnaðar,“ segir Símon Orri.

Algengustu breytingarnar á stærri bílunum eru að sett er lyfta við hliðarhurð eða afturhlera og festing fyrir hjólastól í gólfíð, annað hvort í stað bílstjórásætis eða annars staðar í bílunum. Flestir eru bílarnir búnir akstursaðstoðartækjum, annað hvort inngjöf og bremsu á handfangi eða stýriþinna eins og á hjólastól.

Minni rafbílarnir henta helst þeim nota hjólastól en geta sjálfir komið sér úr stólunum í annað sæti. Hægt er að setja inn rafknúð snúningssæti fyrir öikumann eða farþega, sem færir út úr bílunum og lækkar til að gera fólki auðveldara að koma sér fyrir, og rafmagnsarm sem grípur hjólastólinn inn í bílinn.



EQV frá Mercedes-Benz.

- **Sérnsniðið aðgengi:** Margar útfærslur sem mæta þínum þörfum, hvort sem þú keyrir sjálf/ur eða þarft aðstoð við akstur.
- **Rúmgott og þægilegt:** Nóg pláss fyrir bæði farþega og aðstoðarbúnað.
- **Rafknúðið og umhverfisvænt:** Hljóðlát og kraftmikil rafmagnsútgáfa af hinum vinsælu V-Class.
- **Lúxus og gæði:** Mercedes-Benz þægindi með sérniðnum lausnum og góðu aðgengi.

	Verðlistaverð	Verð án vörugjalda	Styrkur fyrir sér- útbúinn rafbíl*	Verð m/styrk frá sjúkratryggingum	Rafbílastyrkur frá Orkusjóð	Endanlegt kaupverð
EQV 300 langur Progressive	16.490.000 kr	15.870.000 kr	-8.140.000 kr	7.730.000 kr	-900.000 kr	6.830.000 kr

EQT frá Mercedes-Benz.

- **Rúmgóður í fólksbílastærð:** Þægilegt aðgengi með rennihurðum.
- **Sérnsniðnar breytingar:** Auðvelt að bæta við búnaði eins og armi fyrir hjólastól eða snúningssæti án mikilla breytinga á bílnum.
- **Rampur að aftan:** Býður upp á pláss fyrir hjólastól með festingum, án þess að skerða fjölda farþegasæta (allt að 5 sæti).
- **Sveigjanleiki:** Fáanlegur í lengri útfærslu með allt að 7 sætum, en við breytingar fyrir hjólastól helst bíllinn 5 sæta.

	Verðlistaverð	Styrkur - vegna verulegrar hreyfihömlunar*	Verð m/styrk frá sjúkratryggingum	Rafbílastyrkur frá Orkusjóð	Endanlegt kaupverð
EQT Progressive	7.190.000 kr	-2.000.000 kr	5.190.000 kr	-900.000 kr	4.290.000 kr

* Forsendur miðast við að kaupandi bifreiðar uppfylli skilyrði Tryggingarstofnunar og Sjúkratrygginga Íslands fyrir útgáfu styrks og hjálpartækja

Söluráðgjafar Mercedes-Benz veita faglega ráðgjöf.

Mercedes-Benz



„Við viljum móta sterka og skýra framtíðarsýn“

Rúnar Þór Björnsson hefur tekið virkan þátt í stjórnarstarfi Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni til fjölda ára og var kosinn varaformaður landssambandsins á aukaaðalfundi þess í september síðastliðnum. Á 65 ára afmælisári landssambandsins leggur Rúnar áherslu á mikilvægi þess að búa vel í haginn fyrir framtíðina.

Gríðarmikil saga að baki starfseminni

„Mín kynni af Sjálfsbjörg hófust um 1980 þegar ég hóf endurhæfingu á Bjargi á Akureyri,“ segir Rúnar Þór, en hann slasaðist illa þegar hann féll niður um opið lyftuop á skemmtistaðnum H-100 á Akureyri, þá 22 ára að aldri. Rúnar segir starfsemi Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni byggja á gríðarmikilli sögu, en félagið flutti í nýtt húsnæði um svipað leyti og Rúnar hóf endurhæfinguna.

„Það var mikil gróska og uppbygging á þessum tíma. Þegar ég var þarna fyrstu árin mín var Plastiðjan Bjarg rekin í kjallaranum, en þá lagði félagið áherslu á að veita fötluðu fólki atvinnu. Sú starfsemi færðist síðar á aðrar hendur, meðal annars rekur Akureyrarbær nú vinnustað fyrir fatlað fólk, á meðan endurhæfingin skipaði stöðugt stærri sess í starfsemi Sjálfsbjargar.“

Rúnar Þór segir frumkvöðlana að stofnun Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni hafa unnið ótrúleg afrek. Fljótlega eftir að félagið var sett á laggirnar árið 1958 var hafist handa við byggingu fyrsta húsnæðis félagsins og var það tekið í notkun einungis tveimur árum síðar. Árið 1981 fluttist starfsemin svo í núverandi húsnæði við Bugðusíðu, og 1988, á þrjátíu ára afmælisári félagsins, var nýtt íþróttahús félagsins tekið í notkun.

„Þetta hefur verið gríðarlegt átak og örugglega erfitt á stundum,“ segir Rúnar Þór. „Á síðari árum hefur okkur tekist að straumlínulaga og efla reksturinn til muna og við höfum borgað niður skuldir félagsins, sem voru mjög miklar hér áður fyrr. Reksturinn gengur á allan hátt betur og það er bjart yfir félagsstarfinu hjá okkur.“

Verkefni Sjálfsbjargar í framtíðinni

Sem varaformaður landssambandsins hefur Rúnar Þór ásamt stjórn sambandsins lagt áherslu á að virkja krafta unga fólksins og skilgreina hlutverk og baráttumál Sjálfsbjargar til framtíðar. Ýmis líkindi eru með breytttri starfsemi landssambandsins og Sjálfsbjargarfélagsins fyrir norðan – áherslan á húsnæðisúrræði hefur minnkað en vægi endurhæfingar aukist að sama skapi.

„Fyrst og fremst þarf að styrkja fjárhag sambandsins og marka stefnu varðandi uppbygginguna í kringum Hátún 12,“ segir Rúnar og bætir við að hafinn sé undirbúningur að stefnumótunarvinnu Sjálfsbjargar. Skipuð verði sérstök framtíðarnefnd sem muni taka púlsinn á starfseminni og koma með tillögur að helstu áherslum og baráttumálum í framtíðinni. „Það hefur náðst mjög góður árangur í hagsmunabaráttu hreyfihamlaðs fólks og það má að mörgu leyti þakka öfluggu starfi félaga Sjálfsbjargar gegnum árin. Margt af því sem við höfum barist fyrir er orðið að lögbundinni skyldu í dag. Sú þróun er mjög jákvæð, en hún krefst þess líka að við stöldrum við og endurskilgreinum okkar starf í takt við nýjar aðstæður. Við viljum móta sterka og skýra framtíðarsýn fyrir Sjálfsbjörg.“

Rúnar Þór nefnir aðgengismálin sem dæmi um þá miklu hugarfarsbreytingu sem hefur orðið í málefnum hreyfihamlaðra, en hann tekur fram að baráttunni sé alls ekki lokið.

„Það er alltaf slagur um aðgengismálin. Við höfum hins vegar séð þann árangur sem verkefni eins og Römpum upp Ísland getur skilað. Fyrir fimm árum þurftum við að berjast fyrir hverjum einasta steini sem átti að



Rúnar Þór á góðri siglingu á Pollinum við Akureyri.

Mynd: Rúnar Þór Björnsson

leggja til að gera aðgengið betra en viðhorfið er allt annað í dag. Við höldum ótrauð áfram að þrýsta á fólk um að bæta aðgengi, og það er mun auðveldara eftir að Römpum upp Ísland sýndi og sannaði að þetta væri hægt. Viljinn til verka er miklu sterkari en áður."

Aðgengið forsenda aukinnar íþróttaiðkunar

Í síðasta tölublaði Klifurs fjölluðum við um verkefnið Allir með, sem miðar að því að auka þátttöku fatlaðra barna í íþróttastarfi. Talið er að einungis 4% fatlaðra barna á Íslandi taki virkan þátt í starfi íþróttahreyfingarinnar, og því er mikil þörf á að bjóða þeim fleiri möguleika til íþróttaiðkunar í nærumhverfi sínu. Rúnar Þór var lengi vel formaður Siglingaklúbbsins Nökkva á Akureyri og hefur þar að auki stundað bogfimi af miklu kappi. Árið 2021 hlaut hann heiðursviðurkenningu fræðslu- og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar fyrir framlag sitt til siglinga og bogfimi í bænum. Við spurðum hann því út í möguleikann á því að bjóða fótluðum börnum fjölbreyttari tækifæri til íþróttaiðkunar og útivistar innan siglingaíþróttarinnar.

„Ég var alltaf með þessa hugmynd í maganum og siglingaklúbburinn á bát sem er sérhannaður fyrir hreyfihamlaða," segir Rúnar. „Við vígðum nýtt og glæsilegt hús fyrir klúbbinn við Höpfnersbryggju fyrir þremur árum,

en útisvæðið hefur enn ekki verið klárað. Það eru mörg tækifæri í siglingunum, en það verður því miður ekki hægt að nýta þau hér á Akureyri fyrr en útisvæðið og bryggjan hafa verið löguð og gerð aðgengileg. Þá verður hins vegar hægt að bjóða upp á mun betri og fjölbreyttari starfsemi hér við sjóinn, ekki bara fyrir fatlaða heldur líka alla aðra."

Ný sókn að hefjast hjá Sjálfsbjörg

Aðspurður að því hvar hann sér Sjálfsbjörg eftir fimm ár segir Rúnar að þá verði búið að leggja grunn að nýrri framtíðarsýn, bæði fyrir landssambandið og Sjálfsbjargarfélagin.

„Við þurfum að skapa okkur nýja stefnu sem skilgreinir hvar skóinn kreppir í málefnum hreyfihamlaðs fólks, ekki síst hvað varðar unga fólk. Við vinnum markvisst að því að ná til ungu kynslóðarinnar og það hefur skilað góðum árangri, það er mikið af ungu fólki að koma inn í samtökin og inn í stjórnarstörfin. Það er mikill hugur í okkur að efla starfsemi enn frekar, og það verður mjög áhugavert að sjá umfjöllun og niðurstöður framtíðarnefndarinnar um áherslur og baráttumál Sjálfsbjargar."

Aðgengi fyrir öll hjá Orku náttúrunnar

Orka náttúrunnar og Sjálfsbjörg hafa átt í farsælu samstarfi um aðgengismál við hleðslustöðvar ON frá árinu 2021 þegar samstarfssamningur var undirritaður. Samningurinn miðar að því að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að allri þjónustu og hleðslustöðvum ON.



Mynd: ON

Áhersla á öryggi og aðgengi

ON leggur mikla áherslu á öryggis- og heilsu-mál í öllum sínum verkefnum og þjónustu við sína viðskiptavini. Ábendingar og innlegg Sjálfsbjargar hafa því verið kærkomin þar sem samtal um þessi mál eru til alls fyrst.

„Við leggjum mikla áherslu á gott aðgengi og því hefur verið gott að geta leitað til Sjálfsbjargar til að bæta það enn frekar,“ segir Guðjón Hugberg Björnsson, þjónustu- og tæknistjóri ON. Eins og svo margt annað hefur uppsetning hraðhleðslna og hleðslustöðva ON þróast með tímanum. Frá uppsetningu fyrstu stöðvanna þar til hægt var að keyra á rafbíl hringinn í kringum Ísland breyttist margt.

„Til að byrja með var, því miður, tekið mið af gamalli hugsun við uppsetningu á hleðslustöðvunum og áhrifin af varnarbúnaði við stöðvarnar voru ekki íhuguð nægilega vel. Strax árið 2018 var aðgengi fyrir öll þó haft í fyrirrúmi og uppsetning nýrra hleðslustöðva orðin eins og tíðkast í dag,“ segir Guðjón. Hann nefnir sem dæmi þá leið að setja litlar árekstrarvarnir við stöðvarnar þar sem árekstrarvarnirnar hindri ekki síður aðgengi viðskiptavina að stöðvunum.

„Við höfum sett upp fjölda hleðslustöðva síðastliðin ár og aflað okkur mikillar reynslu. Í raun hefur þetta verið ákveðið frumkvöðla-starf þar sem fyrirmyndir lágu ekki fyrir úti í heimi. Við höfum lært að rafbílaeigendur eru með aðrar kröfur um þjónustu og aðgengi að hleðsluinnviðum okkar en verið hefur með eldsneytisstöðvar til þessa,“ segir Guðjón.

Aðgengi að nýjum hleðslustöðvum ON í Öskjuhlíð er eins og best verður á kosið.

Hafa vakið athygli fyrir óhefðbundnar leiðir

ON hefur talað fyrir því að sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og húsfélög hafi aðgengi fyrir öll í fyrirrúmi á sama hátt og ON hefur gert. Þá hafa þær leiðir sem ON hefur farið í uppsetningu hleðslustöðva vakið athygli birgja fyrirtækisins, en þær eru ólíkar því sem áður hefur þekkt. ON tók nýverið í gagnið þrjá nýja og stóra hleðslugarða í Öskjuhlíð, Borgarnesi og á Akureyri þar sem aðgengi fyrir öll er haft í algjöru fyrirrúmi.

„Hleðslustöðvarnar eru aðgengilegar og lýsing hefur verið bætt svo eitthvað sé nefnt. Við höfum fundið fyrir því að það getur verið erfitt að halda hönnunarvenjum ON að verk-tökum sem eru vanir öðru, svo sem að hann-aðir séu stórir kantar við eldsneytisstöðvar. Sem dæmi hefur framkvæmdaefirlit ON þurft að laga sömu hönnun í tvígang, og þegar kom svo að því að fara eftir teikningunum hringdi verktaki í okkur til að athuga hvort við vildum ekki örugglega fá kant við stöðina,“ segir Guðjón. Hann bætir við að vonandi sé þessi hugsun á undanhaldi.

Að sögn Guðjóns mun ON halda áfram á sinni vegferð í því að gera allar stöðvar aðgengilegar og finna bestu lausnirnar þannig að öll getum við notað rafbíla.

„Þannig geta orkuskiptin haldið áfram á fullu. Við hjá ON fögnum öllum ábendingum um að gera betur,“ segir Guðjón að lokum.

Betri upplifun á meðan þú hleður

Nýir Hleðslugarðar ON í Öskjuhlíð og Borgarnesi eru með fullkomnu aðgengi og stuðla að betri hleðsluupplifun þar sem öll fjölskyldan getur notið stundarinnar á meðan hlaðið er.

Fullt af tengjum, trampólín, mylluspil og bekkir til að setjast á. Gönguleiðir og náttúrufegurð allt í kring.

on 10
ára





Valerie Harris, Alda Ásgeirsdóttir og Þórdís Rún Þórisdóttir.

Mynd: Páll Tómas Finnsson

Kjarkur endurhæfing gegnir lykilhlutverki í endurhæfingu

Í Sjálfsbjargarhúsinu við Hátún 12 leynist eitt mikilvægasta endurhæfingarúrræðið á landinu. Kjarkur endurhæfing hefur í yfir fimmtíu ár veitt sérhæfða og þverfaglega endurhæfingu fólks sem glímur við tauga- og heilaskaða eftir veikindi, slys eða önnur áföll. Markmiðið er að hjálpa fólki aftur út í lífið.

Mikilvægt að gefa fólki tíma

Kjarkur endurhæfing sinnir einstaklingum sem lokið hafa frumendurhæfingu, til dæmis á Grensásdeild eða öðrum deildum Landspítalans. Boðið er upp á endurhæfingu í dag-þjónustu fyrir einstaklinga sem búa á eigin heimili og sólarhringsþjónustu fyrir þá sem þarfnast meiri aðstoðar og hjúkrunar.

„Megintilgangurinn með okkar endurhæfingu er að fólk fari aftur út í lífið, það er leiðarljósið í allri okkar starfsemi,“ segir Þórdís Rún Þórisdóttir, framkvæmdastjóri Kjarks endurhæfingar. „Við erum eina úrræðið hérlendis sem tekur á móti fólki í endurhæfingu til lengri tíma en Grensásdeild Landspítala. Við veitum framhaldsendurhæfingu með áherslu

á fólk með tauga- og heilaskaða sem oft þarf lengri tíma í sinni þjálfun.“

Kjarkur endurhæfing starfaði áður undir merkjum Sjálfsbjargarheimilisins, sem opnaði árið 1973. Þórdís segir Sjálfsbjargarheimilið hafa verið stofnað sem búsetuúrræði en að starfsemin hafi alltaf átt að miða að því að þjónusta fólk í afmarkaðan tíma. Mikil þörf á húsnæði fyrir fatlað fólk hafi hins vegar orðið til þess að íbúar hafi búið þar til lengri tíma, margir hverjir fram á gamals aldur. Þá hafi flestir búið í einstaklingsherbergjum, sem ekki séu álitin mannsæmandi húsakostur í dag, en síðustu íbúarnir fluttu í einstaklingsíbúðir árið 2020. Það að geta boðið fólki búsetu í íbúðum Kjarks á meðan á endurhæfingu stendur skapar stofnuninni hins vegar mikilvæga sérstöðu enn þann dag í dag.

„Okkur hefur tekist að búa til úrræði sem er hvergi annars staðar í boði. Búsetan er mjög dýrmæt fyrir fólk sem er að takast á við miklar breytingar í sínu persónulega lífi. Hjá okkur getur fólk lifað sjálfstæðu lífi að

því marki sem mögulegt er miðað við hæfni hvers og eins."

Fjölbreytt teymi sinnir hverjum einstaklingi

Eins og gefur að skilja snýst endurhæfing fólks með tauga- og heilaskaða ekki eingöngu um líkamlega þjálfun. Hún felst að miklu leyti í því að aðstoða fólk við að venjast breyttum aðstæðum og búa það undir að takast á við ýmsa þætti daglegs lífs. Hjá Kjarki endurhæfingu tekur fjölbreytt teymi sérfræðinga við hverjum einstaklingi, þar með talið iðjuþjálfar og hjúkrunarfræðingar, sjúkrabjálfi, sálfræðingur, íþróttfræðingur, talmeinafræðingur og félagsráðgjafi, sem meðal annars aðstoðar fólk við að sækja réttindi sín. Teymið skilgreinir endurhæfinguna út frá þörfum og markmiðum hvers einstaklings.

„Þjálfun úti í samfélaginu er mikilvægur hluti endurhæfingarinnar hjá okkur," segir Valerie Harris, forstöðumaður dagþjónustunnar. Hún útskýrir að hluti þjálfunarinnar fari fram á heimili fólks, þar sem það er aðstoðað við að læra aftur að elda, taka til, þrifa og nota þau hjálpartæki sem það hefur þörf fyrir. Þá er lögð áhersla á að fara út í bæ þar sem fólk getur eflt færni sína til ýmissa daglegra athafna. „Fólk breytist við slys og áföll, heilinn virkar mögulega ekki á sama hátt og áður og margir glíma við líkamleg vandamál. Bara það að kaupa inn, mæta á kaffihús eða fara í banka krefst hugrekks. Við reynum eftir fremsta megni að styðja fólk í því."

Breyttar aðstæður hafa áhrif á aðstandendur

Hjá Kjarki endurhæfingu er lögð áhersla á að styðja bæði einstaklinginn og aðstandendur í því að takast á við breyttar aðstæður. Hjá sumum miðar þjálfunin að því að snúa aftur til vinnu en hjá öðrum getur markmiðið verið að halda heimili og hlúa að hjónabandi og börnum í takt við breyttar forsendur.

„Stærsta áskorunin er breytingar á persónuleika fólks. Það geta komið upp áskoranir með breytta framkomu eða minnistap, fólk getur átt erfitt með að setja mörk og sýnir jafnvel af sér óviðeigandi framkomu. Þá vinnum við með aðstandendum að því að styðja við einstaklinginn, og það getur reynt á, sérstaklega ef viðkomandi áttar sig ekki á stöðunni sjálfur," segir Valerie, sem hefur starfað hjá Kjarki endurhæfingu í yfir þrjátíu ár.

Hún segir mikilvægt að samfélagið grípi aðstandendur fólks sem lendi í alvarlegum áföllum. Kerfið geri að mörgu leyti ráð fyrir því að aðstandendur stígi inn og taki að sér veigamikla hlutverk sem bæði umönnunar- aðili og réttargæslumaður. Þetta valdi miklu

Takk fyrir stuðninginn!

Rafport

Rafsetning

Raftákn - verkfræðistofa

Rakarastofan Herramenn

Reykholahreppur

S. Guðmundsson - múrverktaki

Samiðn - samband iðnfélaga

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja

Siglufjarðarkirkja

Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

Sjómannafélag Ólafsfjarðar

Sjúkrabjálfarinn

Skaftárhreppur

Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness

Stálkrókur

Stansverk

Steinull

Súðavíkurhreppur

Sveitarfélagið Hornafjörður

T.ark - arkitektar

Tengi

THG arkitektar

Tjörneshreppur

Trésmiðjan Rein

Tréverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Úthafsskip

Úti og inni

Vatnsvirkinn

Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar

Verkfærasalan

Verkmenntaskóli Austurlands

Verkval

Verslunin Álfheimar

Vesturbyggð

Vopnafjarðarhreppur

Pingeyjarsveit

Þjóðkirkjan - Biskupsstofa

Þorlákshafnarhöfn

Þörungaverksmiðjan

álagi sem geti jafnvel endað í hjónaskilnuðum eða veikindum aðstandenda.

„Aðstandendur eru oft alveg búnir, bæði andlega og líkamlega. Þegar fólk kemur hingað leggjum við áherslu á að teymið okkar sjái algjörlega um umönnunina og endurhæfinguna þannig að fólk geti einbeitt sér að því að vera maki, foreldri eða systkini,” segir Valerie.

Sólarhringsþjónusta í allt að tvö ár

Þjónustuþegar í sólarhringsþjónustu búa tímabundið í íbúðum Kjarks endurhæfingar á meðan á endurhæfingu stendur. Fagaðilar eru að störfum í húsinu alla virka daga og þá eru sjúkraliðar, ófaglaert starfsfólk og hjúkrunarfræðingur á bakvakt til taks allan sólarhringinn. Endurhæfingin getur tekið allt að tveimur árum.

„Við metum reglulega hvort þjónustuþegar okkar séu í framför eða hvort þeir þurfi lengri tíma hjá okkur. Þar koma inn ýmsir þættir, til dæmis hvar fólk fær búsetu í framhaldi af endurhæfingunni,” segir Alda Ásgeirsdóttir, forstöðumaður sólarhringsþjónustu Kjarks. Þjónustuþegar í sólarhringsþjónustunni geta nýtt sér mötuneyti Kjarks alla daga vikunnar og fá aðstoð við lyfjatöku, notkun hjálpar-tækja og ferliþjónustu.

„Fólk er að læra aftur á hversdagsleikann, fara í sturtu, næra sig og mæta í sína endurhæfingu. Allt þetta daglega sem okkur finnst svo sjálfsagt getur verið heilmikil áskorun. Það sem við þurfum að passa er að veita fólki ekki of mikinn stuðning heldur leyfa því að spreyta sig sjálft. Markmiðið er að stuðla að auknu sjálfstæði fólks og hjálpa því að komast út í lífið aftur,” segir Alda.

Margvísleg tækifæri til gagns fyrir samfélagið

Þórdís Rún segir helsta styrkinn í starfsemi Kjarks felast í því að hún sameini bæði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þórdís bætir við að margvísleg tækifæri séu til þess að bæta í þjónustuna.

„Við höfum tekið við fólki sem er bæði með líkamlegan og vitrænan skaða. Það er hins vegar líka stór hópur fólks úti í samfélaginu sem er eingöngu með líkamlegan skaða og hefur ekki fengið boð um frekari endurhæfingu að lokinni frumendurhæfingu á Grensási. Að okkar mati fælist mikið réttlæti í því að bjóða þessu fólki, sem glímir við margvíslegar áskoranir í daglegu lífi, vandað endurhæfingarúrræði eins og okkar.”




**GRÆN PRENTUN
Í ÖLLUM LITUM**



**FRAMÚRSKARANDI
OG UMHVERFISVÆN
PRENTSMIÐJA**

**Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík
Sími 563 6000 • litrof.is • litrof@litrof.is**



nettó



Sjálfsbjörg

Við þökkum stuðninginn!

Dedicated to People Flow



Landsvirkjun



Síldarvinnslan hf

www.svn.is



VIÐ LEIGJUM...

SKUTLUR



HJÓLASTÓLA



SJÚKRARÚM



HNÉHJÓL



OG

SELJUM...



**OUTIN
FERÐAKAFFIVÉLAR**



**FERÐAHLEÐSLUR
FYRIR APPLE ÚR**



LOOP EYRNATAPPA



**SEGULKUBBA FYRIR
SNÚRUR**

www.htl.is

S: 518 6000

Við erum í Hátúni 12

Orkan bætir aðgengi enn frekar

Frá því að Orkan, Römpum upp Ísland og Sjálfsbjörg tóku sig saman um að rampa upp fyrstu aðgengilegu bensínstöðina á landinu við Suðurfell í Breiðholti hefur fyrirtækið lagt áherslu á gott hjólastólaaðgengi að þjónustu þess.



Mynd: Orkan

Gjöfult samstarf um gott aðgengi

Meðal framkvæmda er bætt aðgengi hreyfihamlaðra að verslunum, hraðhleðslustöðvum og nýjum gassjálfsölum Orkunnar.

Samstarf Orkunnar við Römpum upp Ísland og Sjálfsbjörg hefur verið afar jákvætt, bæði fyrir fyrirtækið og viðskiptavinum þess, segir Auður Daníelsdóttir, forstjóri Orkunnar.

„Viðtökurnar við bættu aðgengi í Suðurfelli hafa verið góðar og greinileg þörf á breytingum. Frá því að samstarfið hófst höfum við einnig rampað upp verslanir við Orkustöðvarnar í Bolungarvík og við Bústaðaveg.“

Orkan er fjölorkustöð og eina fyrirtækið sem býður viðskiptavinum sínum upp á alla fimm orkugjafa, bensín, dísel, vetni, metan og rafmagn. Orkan hóf vegferð sína í orkuskiptunum árið 2023 og hafa nú verið settar upp níu hraðhleðslustöðvar, sex í Reykjavík, í Reykjanesbæ, á Hellu, við Hörgárbraut á Akureyri og sú nýjasta er við Dalveg í Kópavogi. Á næstu vikum opnar 400 kWh hraðhleðslustöð á Miklubraut, fjær Kringlunni.

„Okkar markmið er að auðvelda viðskiptavinum lífið og mæta eftirspurn framtíðarinnar með því að fjölga hleðslustöðvum. Við leggjum áherslu á gott aðgengi fyrir alla,“ segir Auður.

Nýji rampurinn við Víkurskálann við Orkustöðina í Bolungarvík.

Til að einfalda hleðsluferlið er Orkan í samstarfi við e1 um sjálfvirkar greiðslur fyrir hleðsluna. Þegar viðskiptavinurinn hefur virkjað sjálfvirkar greiðslur í e1 appinu þarf hann ekki að gera annað en að setja raðbílinn í samband. Hleðslustöðin auðkennir þá bílinn og appið tekur við greiðslunni. Um 80% raðbíla á Íslandi geta nýtt sér sjálfvirkar greiðslur fyrir hleðsluna.

Fyrstu gassjálfsalarnir aðgengilegir öllum

Nýjasta dæmið um aðgengilega þjónustu Orkunnar eru gassjálfsalar sem settir hafa verið upp við átta þjónustustöðvar fyrirtækisins. Þar geta viðskiptavinir keypt nýjan gaskút allan sólarhringinn og skilað tómum. Hægt er að skipta út plastgaskútum í tveimur stærðum, fimm kílóa skrúfugaskútum og tíu kílóa skrúfu- og smellugaskútum.

Nýju gassjálfsalana er að finna við eftirfarandi Orkustöðvar: Fellsmúla og Birki-mel í Reykjavík, Dalveg í Kópavogi, Litlatún í Garðabæ, Reykjavíkurveg og Einhelli í Hafnarfirði, Fitjar í Reykjanesbæ og Hörgárbraut á Akureyri. Allir eru þeir hannaðir með gott hjólastólaaðgengi í huga.

„Gassjálfsalarnir eru frábær lausn og eins og með allar nýframkvæmdir á vegum Orkunnar viljum við tryggja að þjónustan sé aðgengileg öllum,“ segir Auður Daníelsdóttir.

A photograph of two women in wheelchairs at a gas station. The woman on the left is holding a gas nozzle, and the woman on the right is also holding a gas nozzle. In the center, there is a pink sign with a white circular logo. The background shows a snowy street and buildings.

RÖMPUM UPP SUÐURFELL

Orkustöðin í Suðurfelli hefur verið römpuð upp og býður viðskiptavinum **lægsta verðið** í Reykjavík á dælunum.

Orkan í Suðurfelli er fyrsta aðgengilega bensínstöðin fyrir hreyfihamlaða en þrjár dælur voru rampaðar upp með þeim hætti að stéttin er hækkuð í kringum dælurnar og greiðsluvélar gerðar aðgengilegri.

LÆGSTA VERÐIÐ Í REYKJAVÍK ER Í SUÐURFELLI

RÖMPUM
UPP
ÍSLAND



Sjálfsbjörg
lands samband
hreyfihamlaðra



Franek Gniewko Birski vígði ramp númer 1.300 með vinum sínum á Bakkaborg.

Mynd: Reykjavíkurborg - Róbert Reynisson

Römpum upp Ísland nálgast rampana fimmtán hundruð

Þúsundasti rampurinn á vegum Römpum upp Ísland var vígður í lok árs 2023, ári á undan áætlun. Rampur númer 1.200 var svo vígður á Patreksfirði í maí, en það var fyrsti rampurinn sem gerður var á Vestfjörðum. Og eins og sjá má á myndinni hér að ofan var mikil ánægja með ramp númer 1.300 á leikskólanum Bakkaborg í Reykjavík. Markið er sett á 1.500 rampa fyrir 11. mars 2025.

Rampar við Sólheima og Reykjalund

Meðal þeirra staða sem notið hafa góðs af þessu einstaka aðgengisátaki Haraldar Þorleifssonar og samstarfsaðila hans frá því að við fjölluðum um það síðast er Reykjalundur í Mosfellsbæ, sem er ein helsta stoðin í endurhæfingarstarfi á Íslandi. Fjöldi rampa er nú þegar kominn í notkun við endurhæfingarmiðstöð Reykjalundar og við hjúkrunarsambýlið Hlein, sem er á sömu lóð. Reykjalundur hefur gegnt mikilvægu hlutverki í lífi fjölda Íslendinga. Haraldur sjálfur er þeirra á meðal.

„Þegar ég byrjaði að nota hjólastól fyrir um tuttugu árum dvaldi ég á Reykjalundi,“ segir Haraldur. „Fólkið sem tók á móti mér hjálpaði mér á ómetanlegan hátt í gegnum mjög erfitt tímabil. Það má alltaf gera gott betra, og ég er ótrúlega þakklátur fyrir að við gátum hjálpað til við að bæta aðgengi á þessum yndislega og fallega stað.“

Þá voru settir upp fimmtán rampar á Sólheimum í Grímsnesi haustið 2023 og verða fimmtán til viðbótar kláraðir á þessu ári. Sólheimar eru sjálfbært samfélag um eitt hundruð einstaklinga sem búa og starfa saman, meðal annars að lífrænni ræktun, listsköpun og ferðapjónustu, og einnig fer þar fram öflugt félags- og menningarstarf. Öll starfsemi og aðstaða á Sólheimum er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun og efla hæfni þess og starfsgetu á forsendum hvers og eins.



Mynd: Römpum upp Ísland

„Það var afar ánægjulegt fyrir okkur að hefjast handa á Vestfjörðum og loka þannig hringnum í kringum Ísland.“

Þúsundasti rampurinn vígður við Hitt húsið

Römpum upp Ísland hefur frá byrjun lagt áherslu á að bæta aðgengi ungs fólks, til dæmis að kaffihúsum, skemmtistöðum og tómstundastarfi. Það var því vel við hæfi að upphaflegu markmiði verkefnisins, að reisa þúsund rampa um allt land, var náð við Hitt húsið, miðstöð ungs fólks í Rafstöðinni í Reykjavík. Þar er meðal annars boðið upp á öflugt námstengt frístundastarf fyrir ungmenni með fötlun.

Haldinn var sérstakur hátíðarviðburður til að fagna þessum merka áfanga. Þar frumsýndu ungir notendur Hins hússins myndband sem fjallaði um mikilvægi verkefnisins og framtíðarsýn unga fólksins.

Meðal viðstaddra voru þau Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti, verndari verkefnisins og öflugur stuðningsmaður fatlaðs fólks á Íslandi, Katrín Jakobsdóttir, þáverandi forsætisráðherra, Sigurður Ingi Jóhannesson, þáverandi innviðaráðherra og núverandi fjár-

málaráðherra, og Dagur B. Eggertsson, þáverandi borgarstjóri í Reykjavík. Öll hafa þau stutt duglega við verkefnið frá upphafi.

Rampar við opinberar stofnanir

Ramparnir við Rafstöðina í Elliðaárdalnum mörkuðu ákveðin þáttaskil í verkefninu. Fram að því höfðu ramparnir nær eingöngu verið byggðir fyrir einkaaðila en síðustu mánuði hefur Römpum upp Ísland einnig sett upp aðgengisrampa við húsnæði í opinberri eigu. Þar má nefna ramp númer 1.100 sem vígður var við félags- og íþróttamiðstöðina í Vogum og rampa við Skálatún í Mosfellsbæ, þar sem IOGT rak lengi vel búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. Mosfellsbær hefur nú tekið við rekstrinum og mun húsnæði Skálatúns framvegis hýsa sjálfseignarstofnun í þágu barna, ungmenna og fjölskyldna undir nafninu Farsældartún.

Þá nýtti Römpum upp Ísland teymið óvænt vetrarveður í júní til þess að klára rampa við átta innganga að einni elstu menntastofnun landsins, Menntaskólanum á Akureyri. Ramparnir eru mikið fagnaðarefni fyrir norðanmenn þar sem þeir auðvelda aðgengi hreyfihamlaðs ungs fólks að menntun á svæðinu. Þá hafa einnig verið gerðir rampar við Sandgerðisskóla í Suðurnesjabæ og Landakotsskóla í Reykjavík.

Hringnum í kringum landið lokað

Í sama mánuði nam Römpum upp Ísland nýtt land þegar rampur númer 1.200, og jafntframt sá fyrsti á Vestfjörðum, var vígður á Patreksfirði. Alls verða fjórir rampar gerðir í sameinuðu sveitarfélagi Vesturbyggðar og Tálknafjarðar á sunnanverðum Vestfjörðum og einnig vinnur Römpum upp Ísland að verkefnum á Ísafirði, í Hólmavík og Bolungarvík. Rampurinn á Patreksfirði var reistur við þekkingarsetrið Skor og var það Ástþór Skúlason, bóndi á Melanesi og baráttumaður fyrir bættu aðgengi, sem klippti á borðann.

„Við skulum vona að við látum ekki staðar numið hér heldur lítum á þetta sem hvatningu til þess að hafa aðgengi fyrir alla ávallt í huga, bæði hvað varðar aðkomu og aðgengi

að húsnæði sveitarfélagsins og eins að öðrum stöðum þar sem aðgengismál eiga að vera í lagi,“ sagði Gerður Björk Sveinsdóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar, við vígslu rampsins.

„Það var afar ánægjulegt fyrir okkur að hefjast handa á Vestfjörðum og loka þannig hringnum í kringum Ísland,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, faðir Haraldar Þorleifssonar, en hann er jafnframt helsti stjórnandi framkvæmdanna á vegum Römpum upp Ísland átaksins. „Verkefnið teygir sig nú um land allt. Við höldum ótrauð áfram við að rampa landið upp og létta þannig líf hreyfihamlaðs og fatlaðs fólks með bættu aðgengi.“

Aðgengilegir bílaleigubílar

Nýjasta viðbótin við þann frábæra árangur sem Römpum upp Ísland hefur náð í aðgengismálum á Íslandi er bílaleigubíll sem gerður var aðgengilegur hreyfihömluðum í samstarfi við Hertz bílaleigu. Bíllinn var sérútbúinn í framhaldi af því að Römpum upp Ísland byggði rampa til þess að bæta hjólastólaaðgengi í kringum starfsstöðvar Hertz. Fjallað er nánar um þetta nýja samstarfsverkefni á næstu opnu.



Fulltrúar Römpum upp Ísland, Sjálfsbjargar og Hertz bílaleigu við vígslu rampanna og sérútbúna bílsins.

Mynd: Smári Prastarson



HAGKAUP



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Hertz bíla- leiga býður sérútbúna bíla fyrir hreyfi- hamlað fólk

Nýjasta framtakið sem sprottið er af Römpum upp Ísland áttakinu er sérútbúna bílaleigubílar fyrir hreyfihamlaða sem hægt er að bóka hjá Hertz bílaleigu.



Mynd: Smári Prastarson

Nýjung í bílaleigu á Íslandi

Fyrsta bílnum var breytt í framhaldi af því að starfsstöðvar Hertz voru rampaðar upp til þess að tryggja gott hjólastólaaðgengi að þjónustu fyrirtækisins.

Eins og þekkt er orðið er markmið Römpum upp Ísland að bæta aðgengi hreyfihamlaðs fólks að ýmiss konar þjónustu, verslunum og veitingahúsum um land allt. Eitt af því sem vantað hefur í flórana til þessa er möguleiki hreyfihamlaðs fólks á því að leigja sér bíl, hvort sem er til ferðalaga eða annarra erinda. Í framhaldi af samstarfi fyrirtækisins við Römpum upp Ísland býður Hertz bílaleiga nú viðskiptavinum sínum að leigja bíl sem er sérútbúinn fyrir hreyfihamlaða ökumenn.

„Með þessu skrefi gerum við okkar til að stuðla að því að allir hafi jafnt aðgengi, óháð hreyfigetu,” segir forstjóri Hertz bílaleigu á Íslandi, Sigurður Berndsen. „Þetta gefur erlendum sem innlendum ferðamönnum með hreyfihömlun tækifæri til að ferðast sjálfstætt um okkar fallega land. Og þetta er einungis byrjunin, við stefnum á að fjölga bílum með þessum útbúnaði. Sérstakar þakkir fær teymið að baki Römpum upp Ísland fyrir þeirra ómetanlega starf og eldmód.”

Margt hægt að gera til að bæta aðgengi

Bíltegundin sem varð fyrir valinu er Hyundai Tucson, sjálfskiptur og fjórhjóladrifinn tvinn-tengilbíl sem valinn var í samráði við Harald Þorleifsson, aðalhvatamanninn að Römpum upp Ísland, og Þuríði Hörpu Sigurðardóttur,

Hanna Margrét Kristleifsdóttir við stýrið á sérútbúnum bíl Hertz bílaleigu.

formann Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra. Bíllinn er hentugur fyrir hreyfihamlaða þar sem hann er rúmgóður og hurðin við ökumannssætið opnast vel. Því er tiltölulega þægilegt fyrir hjólastólanotendur að setjast við stýrið og koma hjólastólum fyrir við farþegasætið. Þá eru sætin í bílnum rafmagnsstýrð og leðurklædd, sem auðveldar ökumanninum að koma sér vel fyrir inni í bílnum. Hertz bílaleiga lét útbúa bílinn með með handstýrðri bensínjölf og aksturshemli sem gerir hreyfihömluðu fólki kleift að aka honum sjálft. Einnig er hægt að leigja VW Caddy bíl með rampi fyrir hjólastól hjá fyrirtækinu.

„Ég varð var við það á ferðum mínum til Íslands þegar ég bjó erlendis að þessi möguleiki var í raun ekki fyrir hendi hér á landi,” segir Haraldur. Hann bætir við að vandamálið sé alls ekki eingöngu bundið við Ísland, hreyfihamlað fólk þurfi víða að gera aðrar ráðstafanir varðandi samgöngur og ferðalög. „Það er svo ótrúlega margt sem hægt er að gera til þess að stuðla að bættu aðgengi. Það er mjög virðingarvert og ánægjulegt að Hertz bílaleiga sýni þetta mikilvæga frumkvæði.”

Bergur Þorri Benjamínsson, fyrrverandi formaður Sjálfsbjargar og formaður aðgengishóps ÖBÍ, klippti á borðann við vígslu bílsins og rampanna við starfsstöð Hertz bílaleigu við Flugvallarveg í Reykjavík. Það var svo Hanna Margrét Kristleifsdóttir, stjórnarmaður í Sjálfsbjörg, sem varð fyrst til að prófa bílinn með nýjum búnaði.



Sérútbúnir bílar

Við höfum nýlega bætt aðstöðu og aðgengi á leigustöð okkar í Reykjavík í samstarfi við Römpum upp Ísland. Við bjóðum upp á tvær tegundir af sérútbúnum bílum fyrir hreyfihamlaða.

Verið hjartanlega velkomin

www.hertz.is/sjalfsbjorg

Hertz[®]



Sjálfsbjörg

landssamband
hreyfihamlaðra

Sjálfsbjörg

landssamband hreyfihamlaðra

Skrifstofa Sjálfsbjargar, landssambands hreyfihamlaðra, er á fyrstu hæð Sjálfsbjargarhússins að Hátúni 12, 105 Reykjavík.

Opnunartími skrifstofu er frá 10:00-12:00 og 13:00-15:00 alla virka daga.

Sími á skrifstofu: 550 0360
info@sjalfsbjorg.is
www.sjalfsbjorg.is

Bekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Bekkingarmiðstöðin miðlar gagnnýtum upplýsingum sem gagnast hreyfihömluðu fólki um land allt. Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um réttindi og þjónustu við hreyfihamlað fólk á heimasíðu Sjálfsbjargar, www.sjalfsbjorg.is.

Skrifstofa Sjálfsbjargar svarar öllum fyrirspurnum sem berast Bekkingarmiðstöðinni.
thekking@sjalfsbjorg.is

Kjarkur endurhæfing

Kjarkur endurhæfing veitir þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða.

Kjarkur endurhæfing hefur starfað í yfir 50 ár, áður undir nafninu Sjálfsbjargarheimilið. Nafninu var breytt árið 2023 með það að markmiði að endurspegla starfsemina betur.

Opnunartími skrifstofu Kjarks endurhæfingar er frá 9:00-12:00 og 13:00-15:00 alla virka daga

Sími á skrifstofu: 550 0300
endurhaefing@kjarkurendurhaefing.is
www.kjarkurendurhaefing.is

Þjónustumiðstöð Kjarks endurhæfingar

Endurhæfing - dagþjónusta: 550 0316
Endurhæfing - sólarhringsþjónusta: 550 0366
Vaktsími sólarhringsþjónustu: 665 4700
endurhaefing@kjarkurendurhaefing.is
www.kjarkurendurhaefing.is

Í Hátúni 12 eru einnig:

Alvican hugbúnaðarfyrirtæki
Fótaaðgerðastofa Ríkeyjar
HTL - verslun og leiga
Húsameistarinn
Kiso
Kírópraktorstofa Katrínar
Nálastungur Íslands
Media
Miðstöð slysavarna barna
Osteo Strong
Portrett ljósmyndastúdíó
Stjá sjúkrapjálfun
105 Productions



Starfsfólk Pant þakkar öllum sem að akstursþjónustunni koma fyrir frábært samstarf á liðnu ári.

Við minnum á **pant.is** sem er vefur akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi.

Þar er að finna allar helstu upplýsingar um akstursþjónustuna og hægt að panta stakar eða reglulegar ferðir.



*„Hlutverk Sjálfsbjargar er að vinna að full-
kominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs
fólks á Íslandi og gæta réttinda og hagsmuna
þess. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja
aðgengi að mannvirkjum, umhverfi, menntun,
atvinnu og upplýsingum.“*